


# - LÖGREGLU -
# MAÐURINN

1. tbl. - 2015

- LÖGREGLU -
MAÐURINN
1. tölublað - 31. árgangur 2015 - 82. blað



Ritstjóri og
Ábyrgðarmaður:
Snorri Magnússon
formaður LL



Starfsmaður LL:

Guðlaug Hreinsdóttir
skrifstofustjóri




# Efnisyfirlit...






Smásjáin 4

Kvenréttindi og karlæg viðhorf
*Viðtal við Dóru Hlín Ingólfsdóttur fyrrverandi rannsóknarlögreglukonu* 10

Lögreglan árið 1977
*Eðvarð Lárus Árnason* 17

Erlendar fréttir 18

Breytingar í orlofsmálum LL 21

Kynjahlutfall lögreglumanna 22

Íþróttir 25

Forsíðumynd:
Eva Björk Ægisdóttir

Teikning á bls. 2:
Logi Jes Kristjánsson

Aðrar myndir:
Júlíus Sigurjónsson og fl.

## Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- Aðsendar greinar sem birtar eru í blaðinu skulu merktar höfundi. Greinin lýsir skoðun höfundar en ekki stjórnar LL.
- Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- Ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvort efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungs veitt sé þess getið hvaðan það er fengið.

Lögreglumaðurinn
er gefinn út af Landssambandi
lögreglumanna

ll@logreglumenn.is
www.logreglumenn.is



# Kjarasamningar



**Það er skemmst frá því að segja að gangurinn í kjaraviðræðum opinberra starfsmanna er langt frá því að vera eitthvað sem kemur á óvart og hvað þá eitthvað til að hrópa húrra yfir. Þannig hefur Landssamband lögreglumanna (LL), í samvinnu við SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu og Sjúkraliðafélag Íslands vísað kjaradeilu sinni inn til Ríkissáttasemjara. Samstarf þessara félaga hófst formlega á s.l. ári með fundahöldum fleiri ríkisstarfsmannafélaga er hafa vaktavinnufólk innan sinna vébanda, í þeim tilgangi að ná fram einhverjum breytingum, til hins betra, á vaktavinnukafla kjarasamninganna. Ríkisvaldið hefur þráfaldlega neitað að ræða við einstaka félög breytingar á þeim kafla kjarasamninganna og vísað til þess að þar sé um að ræða kafla sem ekki verði breytt nema í breiðri sátt heildarsamtaka. Þannig hófst samstarf þessara þriggja aðildarfélaga BSRB auk Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Tollvarðafélags Íslands, ýmissa aðildarfélaga BHM, Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna o.fl. en upp úr því slitnaði því miður þegar BHM félögin ákváðu að fara sínar eigin leiðir. Það varð því úr að þessi þrjú aðildarfélög BSRB ákváðu að láta reyna á samstarf í þessum efnum. Sérkröfur hvers félags fyrir sig verða svo, að vanda, ræddar sérstaklega við ríkisvaldið.**

Eftir að hafa setið ótal árangurlitla fundi með Samninganefnd ríkisins var ljóst að lengra yrði í raun ekki komist í þessu ferli og nauðsynlegt að fá á viðræðurnar utanaðkomandi verkstjórn Ríkissáttasemjara og í ljósi þess ákváðu félögin að vísa deilunni inn til Ríkissáttasemjara.

Þessi staða er ekki að koma upp í fyrsta sinn í kjaraviðræðum lögreglumanna og alls ekki í fyrsta sinn sem lögreglumenn eru með lausa kjarasamninga svo dögum, vikum og mánuðum skipti frá því að verkfallsréttur þeirra var afnuminn með lögum árið 1986. Þeir sem í starfi voru á þeim tíma þekkja vel til efnda ríkisvaldsins á þeim samningum sem gerðir voru við lögreglumenn í kjölfar afnáms verkfallsréttarins – sbr. einnig grein Eðvarðs Árnasonar í þessu blaði þar sem hann stiklar á stóru varðandi samningana sem gerðir voru í kjölfar þess að verkfallsréttur lögreglumanna var afnuminn með lögum. Það verður að segjast hreint eins og það er að lítilsvirðing ríkisvaldsins í garð stéttarinnar, í þeim samningum sem komið hafa í kjölfar kjarasamninganna árið 1986 – og reyndar ótal kjarasamningum þar á undan – hefur verið með ólíkindum. Það er enda með ólíkindum að heilagasti réttur launþega skuli afnuminn með lögum, heil stétt skilin eftir án nokkurra úrræða til að knýja á um raunhæfar kjarabætur sér til handa aðrar en þær að brosa sínu blíðasta, og síðan látin bíða dögum, vikum og mánuðum saman jafnvel, án þess að fá viðræður um úrbætur í launamálum eins og lögreglumenn þekkja svo vel á eigin skinni.

Sú hætta er alvarlega fyrir hendi, verði hér á landi einhvern tíma alvöru viðsnúningur í kjölfar bankahrunsins, að mikill flótti verði úr stétt lögreglumanna, líkt og sást svo vel hér á árunum fyrir hrun og líkt og sést hefur t.d. í þeim stéttum innan heilbrigðiskerfisins sem nú standa í ströngu í sínum kjaraviðræðum með verkfallsvopnið í höndum sínum. Opinberar tölur og skýrslur sýna það, svo ekki verði um villst að lögreglan hefur í áraraðir orðið að þola gegndarlausan niðurskurð á fjárframlögum til starfseminnar. Lögreglumönnum hefur farið fækkandi eins og einnig hefur komið fram í opinberum tölum og skýrslum, t.a.m. ársskýrslum Ríkislögreglustjórans. Akstur lögreglubifreiða og þ.a.l. sýnilegt eftirlit lögreglu hefur dregist gríðarlega saman og svo mætti lengi telja.

Þess er skemmst að minnast að í maí 2010, fyrir réttum fimm árum síðan, afhenti Landssamband lögreglumanna (LL), þáverandi fjármálaráðherra, Steingrími J. Sigfússyni, köku í tilefni af því að nákvæmlega eitt ár var liðið frá því að framlengdur kjarasamningur landssambandsins hafði runnið sitt skeið á enda. Kannski kakan hafi verið það góð og hitt svo vel í mark að fjármálaráðherrar þeir sem fetað hafa í fótspor Steingríms J. vilji líka köku? Það færi þá betur á því að þeir hinir sömu settu sig í samband við skrifstofu LL og létu í ljósi óskir sínar þar að lútandi. LL er seinþreytt til vandræða og bóngott og næsta víst að stjórn LL væri vís með það að samþykkja það að færa hverjum nýjum fjármálaráðherra marsipanköku ef það gæti orðið til þess að liðka fyrir gerð kjarasamninga til handa lögreglumönnum til að tryggja þeim mannsæmandi laun fyrir vinnu sína. Það er í það minnsta ljóst að þær aðferðir, sem lögreglumönnum voru „tryggðar", til að ná fram viðunandi kjarasamningum, í kjölfar afnáms verkfallsréttar þeirra með lögum frá Alþingi árið 1986 og árið 2001 með svokallaðri „gerðardómsleið", duga einfaldlega ekki og hafa ekki dugað. Það dugar ekki að skilja heila stétt eftir með þau úrræði ein, til kjarasamningagerðar, að brosa framan í viðsemjanda sinn og vona það besta úr hinni áttinni. Það er í raun heldur ekki hægt að ætlast til þess að almúginn geti brauðfætt sig endalaust á kökum þrátt fyrir að aðalbornum Evrópubúum fyrri alda sé eignuð sú makalausa sögutilvitnun.

Það er í raun mál að linni í óbilgjörnum samskiptum ríkisvaldsins við lögreglumenn er kemur að kjaramálum þeirra.

Það er mál til komið að störf lögreglumanna verði metin að verðleikum fyrir samfélagið og þeim sem til þeirra starfa veljast greidd laun í samræmi við þá ábyrgð, skyldur og þá áhættu sem starfinu fylgja.

Það er mál til komið að þær umframkvaðir sem lagðar eru á lögreglumenn, umfram marga aðra launþega, og lúta að skertu aflahæfi – sem þó er sérstaklega tryggt öllum landsmönnum í stjórnarskrá lýðveldisins – séu viðurkenndar í þeim launum sem þeim eru greidd fyrir störf sín.

Það er mál til komið að ríkisvaldið girði sig nú einu sinni almennilega í brók og geri alvöru úr þeim orðum, sem gjarnan eru viðhöfð á tyllidögum um mikilvægi góðrar löggæslu í landinu, og sýni þann orðavilja sinn í verki er kemur að launum lögreglumanna.

Það er mál að linni.

*Snorri Magnússon*
*formaður LL*

# Smásjáin





*Veturliði Þór Stefánsson*



*Guðmundur Haukur Gunnarsson*

## *Markmið Smásjárinnar er, undir formerkjum gagnrýninnar hugsunar, í senn að rýna í og læra af mistökum við lögreglustörf sem og að hampa vönduðu verklagi*

**Í síðasta tölublaði Lögreglumannsins riðu undirritaðir á vaðið með birtingu dálksins Smásjáin. Eins og við tiltókum þar þá er markmið þessara skrifa, undir formerkjum gagnrýninnar hugsunar, einkum að draga lærdóm af mistökum við lögreglustörf og hampa vönduðu verklagi. Slík nálgun er til þess fallin að fyrirbyggja endurtekin mistök; vekur athygli á vönduðu verklagi og eykur þannig starfsfærni lögreglu og gæði lögreglustarfa. Þau viðbrögð sem fengust við fyrstu Smásjánni voru það jákvæð að undirritaðir hafa ákveðið að halda þessum skrifum áfram að meðan áhugi virðist vera á þeim.**

Mikilvægt er hér, sem fyrr, að árétta þá meginforsendu Smásjárinnar að umfjöllunarefnið er verklagið en ekki persónan sem vann verkið – nafnleyndar er því gætt. Hér er eingöngu leitast við að meta hvort bestu framkvæmdar hafi verið gætt eða hvort eitthvað hafi betur mátt fara. Með öðrum orðum markmiðið er að draga lærdóm af orðnum hlut.

Hér verða teknir til umfjöllunar nokkrir nýlegir hæstaréttardómar. Þó er sú breyting gerð að einn héraðsdómur fær að fljóta með. Slíkir dómar hafa ekki sömu vikt og endanlegir dómar hæstaréttar, en þeir geta þó innihaldið verðmætar vísbendingar um verklag lögreglu í málum sem eru þess eðlis að þeim er sjaldnast áfrýjað til hæstaréttar. Allar skáletranir og feitletranir í dómstextum eru eftir greinarhöfunda nema annað sé sérstaklega tekið fram.

### *Héraðsdómur um vandað verklag við rannsókn umferðalagabrots*

**Nýlegur héraðsdómur í málinu S-543/2014 sýnir m.a. hversu mikilvægt það er fyrir lögreglumenn að viðhafa vönduð vinnubrögð á vettvangi.**

Í málinu var S ákærður og sakfelldur *„fyrir umferðarlagabrot í Reykjavík með því að hafa að kvöldi föstudagsins 16. maí 2014 ekið bifreið með 157 km hraða á klukkustund norður Kringlumýrarbraut á vegarkafla þar sem brú er á Bústaðavegi, þar sem leyfður hámarkshraði er 80 km á klst.*"

Af lestri dómsins kemur m.a. fram að atburðarásin hafi verið á þessa leið:

1. Lögreglumaðurinn A veitir því athygli að bifreið er ekið á ofsahraða norður Kringlumýrarbraut og sá lögreglumaður nær læsingu á hraðann á ratsjá. Hann kallar út í talstöð til annarra lögreglumanna sem verður til þess að ökumaður bifreiðarinnar er stöðvaður af öðrum, lögreglumanninum B.

2. Þar ber að lögreglumanninn A sem náði læsingunni á radarmælinn og gengst ökumaður við hraðanum á vettvangi fyrir framan báða lögreglumennina. Skýrslugerð í málinu er kláruð á staðnum og ökumaður játar brotið á vettvangi með undirritun sinni. Lögreglumennirnir láta hins vegar hjá líða að skrá niður nöfn vitna á vettvangi, þ.e. farþeganna í bílnum.

Fyrir dómi neitar ökumaðurinn hins vegar að hafa ekið á þessum mikla hraða. Um þetta segir m.a. í dómstextanum: *„Fyrir dómi neitaði ákærði sök og bar að umrætt kvöld hefði hann náð í vini sína upp í Garðabæ og hafi þeir ekið sem leið liggur til Reykjvíkur, undir Hamraborg og upp Kringlumýrarbrautina þar sem tekin var vinstri beygja inn á Miklubraut en þá verið stöðvaður af lögreglumanni á mótorhjóli. Annar lögreglumaður hafi síðan komið og sýnt honum ratsjá og þar hafi staðið talan 162 eða 164. Taldi ákærði að hann hafi ekki ekið hraðar en 100 til 110 km á klukkustund á Kringlumýrarbrautinni og hafði ekki skýringu á mælingu lögreglunnar.*"

Lögreglumaðurinn B var kallaður fyrir dóminn og staðfesti hann að kallað hafi verið í talstöð að hvít Golf-bifreið á áberandi felgum hafi verið á ofsahraða á ofangreindum stað og óskað eftir að hún yrði stöðvuð. Lögreglumaðurinn A, sem hraðamældi, var einnig kallaður fyrir dóminn. Sagðist hann hafa skotið úr radarbyssunni aftur fyrir sig og kallað þessar upplýsingar inn. Hafi hann síðar hitt ákærða sem hafi gengist við brotinu. Síðan segir lögreglumaðurinn orðrétt: *„Hafi hann verið þess viss að sú bifreið sem var síðar stöðvuð væri sama bifreið og væri enginn vafi í hans huga. Aðspurður af hverju hann hafi ekki ekið á eftir ákærða kom fram að hann hafi þurft að ganga frá radarnum á hjólið, keyra í öfuga átt frá ákærða til þess að komast í sömu akstursstefnu og síðan ná yfir 200 km hraða til þess að eiga möguleika á því að ná honum en það væri ekki svo rosalegt.*"

Héraðsdómur kemst að þeirri niðurstöðu að ákærði hafi ekki verið beittur þvingunum og hafi hann með undirritun skýlaust játað brot sitt. Þá kemur fram í dómnum að tveir lögreglumenn hafi komið að viðræðum við ákærða á vettvangi og því ekki þörf á að taka upp samtalið skv. verklagsreglum lögreglu. Ákærði var því sakfelldur í málinu.

#### *Lærdómur:*

Málið er um margt dæmigert hraðakstursmál en það sýnir mikilvægi þess að a.m.k. tveir lögreglumenn geti vitnað um það sem fram fór á vettvangi. Einnig styrkir undirrituð játning á vettvangi sönnunina þegar ákærði dregur játninguna tilbaka. Vinnubrögð lögreglu á vettvangi sýnast til fyrirmyndar að öllu leyti nema einu. Eðlilegt hefði verið eins og þetta mál var vaxið að taka niður nöfn vitna.

### *Nálgunarbannskröfu hafnað í héraði en samþykkt af hæstarétti*

**Dómar í nálgunarbannsmálum hafa verið áberandi í fjölmiðlum enda hefur áhersla lögregla á þennan málaflokk aukist undanfarna mánuði. Dómur hæstaréttar í málinu 119/2015 er mjög áhugaverður, ekki síst þar sem nálgunarbannskröfu lögreglu var hafnað í héraði en hún samþykkt af hæstarétti.**

Málavextir voru þeir að fyrir héraðsdómi krafðist lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu þess að rétturinn staðfesti ákvörðun lögreglustjóra um nálgunarbann í tilteknu máli. Síðan er í héraðsdómnum rakið að aðilar málsins hafið skilið og áralöngu ónæði og áreiti nálgunarbannsþola lýst. Síðan er rætt um ákærur vegna líkamsárása o.s.frv. Kemur fram að nálgunarbannsþoli hafi m.a. hlotið dóm fyrir framangreint árið 2014. Þann 8. febrúar s.l. hafi nálgunarbannsbeiðandi síðan aftur orðið fyrir ofbeldi af hálfu nálgunarbannsþola. Inn í málið fléttast síðan átök milli móður og sonar er ekki verður reifað hér en sonurinn vildi meina að áverkar á móður væru ekki eftir föður heldur eftir föll móður nokkrum dögum áður. Þá eiga þau dóttur sem óttast föður sinn og fær að gista hjá ömmu sinni og afa þegar faðirinn er á heimilinu. Nálgunarbannsþoli viðurkenndi í skýrslutöku hjá lögreglu að hafa kreist höfuð árásarþola nokkrum dögum fyrr. Fram kemur í héraðsdómi að þau gögn sem lögregla hafi undir höndum sýni að árásarþola hafi stafað ógn af árásaraðila og ljóst að hún og börn hennar hafi orðið fyrir miklu ónæði og vanlíðan af hans völdum en með háttsemi sinni hafi hann raskað mjög heimilisfriði þeirra eins og segir í dómnum. *Hvað sem þessu leið var það niðurstaða héraðsdóms að brottvísun og nálgunarbann skyldu felld úr gildi en rétt er að árétta að annað nálgunarbann hafði þá runnið úr gildi.* Hér verður að nefna að mikil ölvun var í gangi þegar þetta átti að hafa gerst og bar brotaþoli nokkurt minnisleysi fyrir sig við skýrslutöku hjá lögreglu. Þá skal það áréttað að vitnið sonur þeirra bar vitni gegn árásarþola. Í skýrslu sinni viðurkenndi brotamaður að hafa beitt brotaþola ofbeldi nokkrum sinnum á nokkurra ára tímabili.

Í dómnum segir síðan: *„Verður að telja að skilyrði 4. gr. séu uppfyllt að því leyti að rökstuddur grunur sé um að varnaraðili [árásaraðili] hafi raskað friði brotaþola með öðrum hætti en refsiverðu broti. Leiðir það hins vegar ekki sjálfkrafa til þess að fallast beri á beiðni um nálgunarbann.*" Meðal raka dómsins er að árásaraðili hafi áður verið dæmdur fyrir ofbeldisbrot gagnvart fjölskyldumeðlim. Þá hafi hann áður sætt nálgunarbanni og hafi viðurkennt að hafa síðan þá beitt hana ofbeldi einu sinni en skráðar upplýsingar skorti um þau atvik. Í niðurlagi dómsins segir m.a. að virtri meðalhófsreglu laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili telji dómurinn *sennilegt að vægari úrræði en nálgunarbann kunni að leiða til sömu niðurstöðu, t.d. með því að varnaraðila [nálgunarbannsþola] verði settur skýr rammi um umgengni við börn sín utan heimilis en á það hefur ekki verið látið reyna eins og æskilegt hefði verið.* Einu trúverðugu skýringarnar sem liggja fyrir um að varnarðili eigi erindi á heimili brotaþola, og brotaþoli hefur staðfest, tengjast umgengni hans við sameiginleg börn þeirra. Að ofangreindu er kröfu um nálgunarbann hafnað.

*Í dómi Hæstaréttar* segir aftur á móti að aðfaranótt 8. febrúar 2015 hafi lögreglu borist tilkynning um ofbeldi á heimili brotaþola, í íbúðinni væri konan í miklu uppnámi og með glóðarauga. Þar hafi einnig verið varnaraðili [nálgunarbannsþoli] sem konan sagði óboðinn. Varnaraðili viðurkenndi að hafa beitt A ofbeldi nokkrum dögum áður. Þá segir rétturinn að skv. 4. gr. laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili sé *heimilt að beita nálgunarbanni er rökstuddur grunur er um að sakborningur hafi framið refsivert brot eða raskað á annan hátt friði brotaþola eða hætta er á að viðkomandi brjóti gegn brotaþola.*

*Héraðsdómur kemst að þeirri niðurstöðu að ákærði hafi ekki verið beittur þvingunum og hafi hann með undirritun skýlaust játað brot sitt. Þá kemur fram í dómnum að tveir lögreglumenn hafi komið að viðræðum við ákærða á vettvangi og því ekki þörf á að taka upp samtalið skv. verklagsreglum lögreglu. Ákærði var því sakfelldur í málinu.*

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

***Reykjavík***

A. Margeirsson ehf
A. Wendel ehf
A1 málun ehf
Aðalvík ehf
Alþýðusamband Íslands
Arctic Trucks Ísland ehf
Arkform
Arkís arkitektar ehf
Atlantsflug ehf
Auðmerkt ehf
Augað gleraugnaverslun
Auglýsingastofan ENNEMM
ÁH lögmenn slf
Áman ehf
Árni Reynisson ehf
Ásbjörn Ólafsson ehf
Ásbyrgi, fasteignasala
B. Ingvarsson ehf
B.Á. Múrverk ehf
Bakkus ehf
Balance ehf
BBA/Legal ehf
Bending 1 ehf
Berserkir ehf
Bifreiðaverkstæði Svans ehf
Birtingur ehf
Bílahöllin hf
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Bílaréttingar og bílasprautun Sævars ehf
Bílasmiðurinn hf
Bílfang ehf
Bílrúðan ehf
Björgun ehf
BK fasteignir ehf
BK kjúklingar
Blaðamannafélag Íslands
Blikksmiðjan Glófaxi hf
Blikksmiðurinn hf
Blómabúðin Hlíðablóm
Blómatorgið ehf
Bonafide lögmenn ráðgjöf sf
Boozt bar N1 Borgartúni-N1 Ártúns-
höfða-N1 Hringbraut
Bókhaldsþjónustan Vík
Bólstrarinn ehf
Breiðan ehf
Búálfurinn
Búseti svf
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars ehf
City Car Rental
Dale Carnegie, þjálfum næstu kynslóð
Danica sjávarafurðir ehf
Dental stál ehf
Dún- og fiður ehf
Eðalbílar ehf
Efling stéttarfélag
Eico þjónusta ehf
Eignamiðlunin ehf
Eignaumsjón hf
Endurskoðun og reikningsskil hf
Ernir ehf
Exitus lögfræðiþjónusta ehf, Hreiðar
Eiríksson
Ferðafélag Íslands
Ferskar kjötvörur hf
Fiskafurðir-umboðssala ehf
Fiskmarkaðurinn ehf
Fjallamenn-Mountaineers of Iceland
Forsæla-appartmenthouse
Frami, félag leigubifreiðastjóra
Frysti- og kæliþjónustan ehf
Frystikerfi ehf
FS Flutningar ehf
Fylkir ehf
Gagnaeyðing ehf
Gallerí Fold
Garðs Apótek ehf
Gáski sjúkraþjálfun ehf
GB Tjónaviðgerðir ehf
Geotek ehf
Gjögur hf
Gluggasmiðjan ehf
Gray Line Iceland
Guðmundur Arason ehf, smíðajárn
Guðmundur Jónasson ehf
Gull- og silfursmiðjan Erna ehf
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gunnar Eggertsson hf
Gúmmísteypa Þ. Lárusson ehf
Hafgæði sf
Hagi ehf-Hilti
Hagkaup
Hamborgarabúlla Tómasar
Hamborgarabúlla Tómasar
-Við erum öll jöfn
Harald og Sigurður ehf
Hárgreiðslustofan Aþena
Hársnyrtistofan Höfuðlausnir
Heimilisprýði ehf
Henson sports
Hereford Steikhús ehf
Hilmar D. Ólafsson ehf
Hitastýring hf
Hjá Dóra ehf, matsala
Hjá GuðjónÓ ehf
Hornið veitingastaður
Hótel Frón ehf
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hreyfill
Hreysti ehf
Höfðakaffi ehf
IcePharma hf
Innanríkisráðuneytið
Innnes ehf
Inter ehf
Invent Farma ehf
iStore í Kringlunni
Íbúðagisting.is
Ísaga hf
Ísfrost ehf
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf
Ísmar ehf
Ísold ehf
Ís-spor ehf
Íþróttabandalag Reykjavíkur
J. S. Gunnarsson hf
JE Skjanni ehf, byggingaverktakar
Jeppaþjónustan Breytir ehf
Jóhannes Long ljósmyndari
Jón Halldórsson, fv. forseti
umferðardeildar
Jónatansson & Co lögfræðistofa ehf
JP Lögmenn ehf
K. H. G. Þjónustan ehf
K. Pétursson ehf
K·R·S·T Lögmenn
Kaffibarinn ehf
Kaffivagninn ehf
Kemi ehf-www.kemi.is
Kjörgarður
Kjöthöllin ehf
Klettur-sala og þjónusta ehf
Klipphúsið ehf
Knattborðsstofan Klöpp ehf
Kolibri ehf
KOM almannatengsl
Kone ehf
Kortaþjónustan hf
Kringlan
Kvikk Þjónustan ehf
Lagastoð lögfræðiþjónusta ehf
LAG-Lögmenn sf
Lagnalagerinn ehf
Landslagsarkitekt Mogensen ehf
Landssamtök lífeyrissjóða
Láshúsið ehf
LC Ráðgjöf ehf stjórnunar-
og rekstrarráðgjöf
Le Bistro-franskur bistro & vínbar
Leiguval ehf
Lifandi vísindi
Lindin, kristilegt útvarp
Listvinahúsið, leirkerasmiði
Ljósafoss ehf
Ljósin í bænum
Loftstokkahreinsun.is, s: 893 3397
Logy.is
Lögmannsstofa Ingimars Ingimarssonar
hrl sf
Lögmannsstofa Rúnars S Gíslasonar
Lögmenn Árbæ slf
Lögmenn Höfðabakka ehf
Lögmenn Jónas & Jónas Þór sf
Lögstofan
Löndun ehf
Margt smátt ehf
Matborðið ehf
Matthías ehf
Málarameistarar ehf
Málmtækni hf
Mentis Cura ehf
MS Armann skipamiðlun ehf
Múlakaffi
Múlaradíó ehf
NETIÐ-visitorsguide.is & veitingastadir.is
Nexus afþreying ehf
Nortek ehf
Nýi ökuskólinn ehf
Nýja bílahöllin ehf
Oddgeir Gylfason, tannlæknir og læknir
Orkuvirki ehf
Ólafur Gíslason & Co hf
-Eldvarnarmiðstöðin
Ósal ehf
Pétur Stefánsson ehf
Pixel ehf
Plast-miðar og tæki ehf
Pósturinn
Prentsmiðjan Leturprent ehf
Prinsinn, söluturn
Rafelding ehf
Rafha ehf
Raflax ehf
Rafskoðun ehf, faggilt skoðunarstofa
Rafstjórn ehf
Rafsvið sf
Rafver hf
Rafþjónustan slf
Rannsóknarnefnd samgönguslysa húsi
FBSR
Ratsjá ehf
Ráðgjafar ehf
Reykjavík4you ehf, íbúðarhótel
Reykjavíkurborg
Réttur-ráðgjöf & málflutningur
Safalinn ehf
Samsýn ehf
Sandra María Steinarsdóttir-Polanska slf
Satúrnus ehf
Sendibílar og hraðþjónusta ehf
Sérefni ehf, málningarvöruverslun
Shalimar, Pakistanksa veitingahúsið
SHV pípulagningaþjónusta ehf
Sigmundur Hannesson hrl.
Síma- og tölvulagnir hf
Sjávargrillið ehf
Skipakostur slf
Skipamiðlarar ehf
Skipaþjónusta Íslands ehf
Skorri ehf
Skotfélag Reykjavíkur





*Síðan er tekið fram í 6. gr. sömu laga að nálgunarbanni skuli aðeins beitt þegar ekki þyki sennilegt að friðhelgi brotaþola verði vernduð með öðrum og vægari hætti.* Við mat á því er heimilt að líta til laganna, m.a. hvort sakborningur hafi áður þurft að sæta nálgunarbanni sem og þess hvort háttsemi hans á fyrri stigum hafi verið þannig að hætta sé talin á að hann muni gerast brotlegur á þann hátt sem lýst er í 4. gr. laganna. Segir síðan orðrétt í dómnum: *„Ljóst er af gögnum málsins að varnaraðili er undir rökstuddum grun um að hafa á ný beitt brotaþola ofbeldi og hann hefur með háttsemi sinni raskað heimilisfriði brotaþola og barna hennar og þau orðið fyrir ónæði og vanlíðan af hans hálfu. Þá hefur varnaraðili áður þurft að sæta nálgunarbanni gagnvart sömu einstaklingum auk þess sem hann hefur verið dæmdur til fangelsisvistar vegna ofbeldisbrots gagnvart A [brotaþola] og stjúpdótturinni á heimili þeirra. Að framangreindu virtu er fallist á það með sóknaraðila að fullnægt sé skilyrðum [laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili] til að varnaraðila verði gert að sæta nálgunarbanni.“* Þá segir enn fremur í dómnum að ekki þyki sennilegt að friðhelgi brotaþola verði vernduð með öðrum og vægari hætti. Þá er nálgunarbanninu einungis beint að brotaþola og takmarkar ekki möguleika varnaraðila til að hitta börn sín.

***Lærdómur:***

- Af lestri dómsins sýnist einkum mega ráða að niðurstaða hæstaréttar í málinu, þ.e. að nálgunarbannskrafan var samþykkt, grundvallast á vönduðum vinnubrögðum lögreglu. Þannig var framburður tekinn af öllum aðilum og forsagan könnuð vel og vandlega við rannsókn málsins.
- Án þessarar ítarlegu rannsóknar er ekki víst að dómurinn hefði fallist á nálgunarbannskröfuna.

## *Ólögmæt lögreglurannsókn samkeppnisbrota*

**Dómur hæstaréttar í máli nr. 844/2014 frá fimmtudeginum 8. janúar s.l. virðist vera kennslubókardæmi um það hvernig skortur á lögmæti sakamálarannsóknar eyðileggur algerlega grundvöll sakamáls og veldur frávísun ákæru frá dómi. Reifun hæstaréttar á málavöxtum er frekar stutt og hljóðar svo:**

„X var meðal þrettán ákærðra í máli Á fyrir brot gegn samkeppnislögum. Í hinum kærða úrskurði héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti, *var ákæru Á á hendur X vísað frá dómi þar sem ekki hefði legið fyrir kæra frá S til lögreglu vegna meintra brota hans.* Í dómi Hæstaréttar kom fram að skýrlega yrði ráðið af 42. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. 5. gr. laga nr. 52/2007, að það væri í verkahring S að taka ákvörðun um hvort að einstaklingur yrði kærður til lögreglu vegna brots gegn samkeppnislögum. *Hefði lögreglu og ákæruvaldi samkvæmt því verið óheimilt að taka mál X til rannsóknar og útgáfu ákæru á hendur honum.*"

Til að átta sig á þessu máli, og því hvað fór úrskeiðis við rannsókn málsins, verða menn að hafa í huga að í samkeppnislögunum er sérstaklega tekið fram að lögregla megi ekki rannsaka mál, sem varða brot einstaklinga á samkeppnislögum, nema að Samkeppniseftirlitið hafi kært viðkomandi einstaklinga hjá lögreglu. Í þessu tiltekna máli höfðu alls 12 einstaklingar verið kærðir, en ekki aðilinn X. Hann var hins vegar kallaður til yfirheyrslu hjá lögreglu og yfirheyrður sem sakborningur og síðar gefin út ákæra á hendur honum. Þetta var hins vegar óheimilt þar sem maðurinn hafið aldrei verið kærður.

Framangreint mál fjallar um mistök við lögreglurannsókn samkeppnislagabrots og er kennslubókardæmi um það sem á lagamáli er nefnt valdþurrð. Þ.e.a.s. lögreglu vantaði hér heimild að lögum til að mega rannsaka málið hvað þennan meinta sakborning varðaði, því sem hann hafði aldrei verið kærður. Vegna valdþurrðarinnar er sakamálarannsókn hvað þennan mann varðar ónýt. Þá má nefna að lögmanni mannsins var dæmd málsvarnarþóknun sem nam rúmum tveimur milljónum króna. Rannsóknarvinnu lögreglu í þessu máli var skv. skýrum dómi Hæstaréttar ólögmæt og fróðlegt verður að sjá hvort þessi aðili fer í skaðabótamál við íslenska ríkið fyrir að hafa þurft að sæta ólögmætri sakamálarannsókn.



***Lærdómur:***

- Þessi dómur sýnir að mikilvægt er, strax á frumstigum máls (þar sem kæra frá öðru stjórnvaldi er áskilin), að fyrir liggi í málsgögnum skrifleg staðfesting á því að viðkomandi aðili hafi verið kærður. Þetta sýnist einfaldasta að gera með því að hafa eintak af kærunni (a.m.k. þeim hluta þar sem nafn viðkomandi er tilgreint) í vinnumöppu rannsakara.
- Framangreint verklag má einnig heimfæra upp á mál þar sem refsikrafa frá brotaþola er skilyrði ákærumeðferðar, sbr. t.d. mál um eignaspjöll, skilasvik og nytjastuld.
- Eðlilegt sýnist að rannsakari gangi sem fyrst eftir skriflegri staðfestingu á refsikröfu þess sem misgert var við og að refsikrafan sé strax skráð meðal málsgagna.

## *Rannsókn máls þar sem brotaþoli afturkallar kæru*

**Það er nokkuð algengt, ekki síst í líkamsárásarmálum, að brotaþoli afturkalli kæru sína hjá lögreglu.**

Dómur Hæstaréttar í máli nr. 806/2014 sýnir, fyrir utan tæknilega niðurstöðu dómsins, hversu mikilvægt það er að rannsaka líkamsárásarmál til hlítar þrátt fyrir að kæra sé dregin til baka. Í það minnsta þarf að gaumgæfa vel á hvaða forsendum kæran er afturkölluð og þá hvort almannahagsmunir krefjist að rannsókn málsins sé haldið áfram. Af dómnum má m.a. draga greinargóða lögskýringu á 217. gr. almennra hegningarlaga, um minniháttar líkamsárásir, auk 145. gr. sakamálalaga.

Í málinu var kærður úrskurður héraðsdóms þar sem hafnað var kröfu X um að mál ákæruvaldsins á hendur honum yrði fellt niður. Málinu var vísað frá Hæstarétti þar sem kæran uppfyllti ekki áskilnað laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Segja má að málið hafi í raun verið tvíþvætt, tæknileg úrvinnsla Hæstaréttar og efnisleg niðurstaða Héraðsdóms.

1) Við uppkvaðningu hins kærða úrskurðar lýsti varnaraðili ekki yfir kæru á dómþingi, heldur tók sér lögbundinn frest til þess að taka ákvörðun um það efni. Í sakamálalögunum er kveðið á um það að sá sem vill kæra úrskurð eftir lok þinghalds þar sem hann er kveðinn upp, beri að afhenda dómara skriflega kæru þar um, þar sem greint skal frá því hvaða úrskurður er kærður, kröfu um breytingu á honum og ástæður sem kæra er reist. Ekkert af þessu var gert í kæru til Hæstaréttar og fullnægði hún því ekki skilyrðum laga og málinu því vísað frá.

2) Ákæran snérist um líkamsárás aðila á þáverandi unnustu og var






talið varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði byggði á því að brotaþoli hefði dregið kæru sína til baka og því hafi borið að fella málið niður með vísan til laga. Sækjandi málsins hafnaði því að málið yrði fellt niður og byggði á því að *almannahagsmunir* krefðust þess að málinu yrði haldið áfram sbr. ákvæði 217. gr. ofangreindra laga. *Sækjandi benti sérstaklega á að ákæruvaldið sé ekki bundið við afstöðu brotaþola og taldi auk þess að ákærði hafi haft áhrif á hana með óeðlilegum hætti.* Þá segir orðrétt í dómi Héraðsdóms: „*Samkvæmt nefndri 2. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga er málssókn út af broti gegn 1. mgr. greinarinnar opinber, en mál skal eigi höfða nema almannahagsmunir krefjist þess. Í þessu máli hefur ákæruvaldið, að lokinni rannsókn málsins, metið það svo að skilyrði hafi verið til útgáfu ákæru skv. 145. gr. laga nr. 88/2008. Eðli málsins samkvæmt sætir sú ákvörðun ekki endurskoðun dómstóla og verður kröfu ákærða hafnað.* ”

***Lærdómur:***

- Dómurinn sýnir að þrátt fyrir að kæra, t.a.m. í þessum málaflokki, sé dregin til baka má í engu slaka á klónni varðandi rannsókn máls.

- Niðurstaðan verður alltaf sú að það er lögfræðingur ákæruvalds sem tekur ákvörðun um útgáfu ákæru eða afturköllun hennar og eftir atvikum Ríkissaksóknari en ekki dómstólar.

- Í líkamsárásarmálum verður alltaf að hafa í huga að sönnunarleg staða getur reynst flókin, þegar reynir á framburð vitna. Brýnt er því, sem endranær, að flýta rannsókn slíkra mála.

## *Sönnunarbyrði um að aflétting haldlagðs munar hafi verið tilkynnt hvílir á lögreglu*

**Dómur hæstaréttar í máli nr. 830/2014 sýnir m.a. mikilvægi þess að lögreglumenn upplýsi málsaðila um hvar haldlagðir munir eru geymdir. Jafnframt er með dómi þessum lögð ákveðin frumskvæðisskylda á lögreglu um að upplýsa um slíkt.**

Í þessu máli greindi lögreglu og leitarþola á um hvort lögregla hefði upplýst um hvar haldlögð bifreið væri geymd og að haldlagningu væri lokið. Leitarþoli hafi komist að því að sjálfsdáðum hvar bifreiðin væri geymd en gat ekki fengið hana afhenta nema gegn greiðslu geymslugjalds. Málið snérist sem sagt um það að leitarþoli mótmælti þeirri fullyrðingu lögreglu að verjandi hans hafi verið upplýstur um hvar muninn væri að finna. Þá vísar leitarþoli til þess að hann eigi rétt á því að fá mun sinn afhentan og skv. lögum um meðferð sakamála sé það skylda lögreglu að eigin frumkvæði að koma munum sem hafa verið afhentir aftur í hendur þeirra sem eiga tilkall til þeirra. Þá kemur fram í dómi Héraðsdóms að engin gögn séu til um það að lögregla hafi tilkynnt haldlagningarþola með sannanlegum hætti að haldlagningu hafi verið aflétt og hvar hann gæti sótt muninn. Um væri að ræða þvingunarúrræði lögreglu og yrði kostnaður við haldlagningu ekki felldur á leitarþola.

Grundvöllur haldlagningarinnar var að í bifreiðinni fannst meintur stolinn hjólbarði. Hjólbarðanum var komið til rétts eiganda sem kærði ekki stuldinn og því haldið fram að í kjölfarið hafi rannókn málsins verið hætt. Er munurinn var haldlagður var hann sóttur af þjónustufyrirtæki sem neitar að afhenda hann nema gegn greiðslu þjónustugjalds. Dómurinn tekur undir með að það sé lögreglan sem skuli að eigin framkvæði hlutast til um að skila munum til þeirra sem rétt eiga til þeirra. Fyrir lá í málinu að haldlagningar var ekki lengur þörf. Fullyrðingar lögreglu eftir skýrslutöku um að nálgast mæti hinn haldlagða hlut daginn eftir á ákveðnum stað daginn eftir þótti ósönnuð gegn mótmælum haldlagningarþola þar sem ekkert var skráð um slíkt. Kemur skýrt fram í dómnum að við afléttingu bar að að skila hinum haldlagða hlut og ekki dugi að viðkomandi geti nálgast hlutinn. Segir svo í dómnum: „Dugar ekki í þessum efnum fyrir varnaraðila [lögreglu] að vísa til þess að haldlagningarþoli geti nálgast hlutinn hjá B þar sem fyrir liggur að bifreiðin fæst ekki afhent nema gegn greiðslu áfallins kostnaðar. Sá kostnaður, sem er tilkominn vegna haldlagningarinnar verður ekki felldur á sóknaraðila [haldlagningarþola] þar sem varnaraðili [lögreglan] hefur ekki hlutast til um að skila bifreiðinni verður að telja að hún sé í raun enn haldlögð. Af því leiðir að þeirri rannsóknarathöfn sem í haldlagningunni felst er enn ekki lokið og verður því að fallast á frávísunarkröfu varnaraðila [lögreglu]. Þar sem óumdeilt er að ekki er lengur þörf á haldlagningu bifreiðarinnar verður fallist á kröfu sóknaraðila [haldlagningarþola] um afhendingu hennar.“

***Lærdómur:***

- Niðurstaða dómstóla í málinu grundvallast ekki síst á skorti lögreglu á að upplýsa um hvar haldlagðan mun sé að finna, auk þess sem sú skylda er lögð á lögreglu að afhenta hinn haldlagða mun.

- Vanda þarf hér vinnubrögð m.a. með því að tryggja að upplýsingar séu gefnar með sannanlegum hætti, í þessu tilviki aflétting á haldlögðum mun. Lögregla er talin bera halla af því sé slíkt ekki gert. Þá er lögð sú skylda á lögreglu að afhenta munin að eigin frumkvæði að öðrum kosti telst haldlagning enn í gildi.

## *Nálgunarbann staðfest á báðum dómsstigum (Facebook-færslur sem sönnunargögn o.fl.).*

**Í Hæstaréttarmálinu nr. 862/2014 var ákvörðun lögreglustjóra um nálgunarbann staðfest á báðum dómstigum. Málið er gott dæmi um** *vandaða lögreglurannsókn* **og sýnir raunhæfan málshraða og styrk þeirra sönnunargagna sem geta nýst til að fá nálgunarbann staðfest. Við lestur samantektarinnar skulu menn skoða vel dagsetningar og mat á einstökum sönnunargögnun sem lögregla lagði fram.**

Forsaga málsins er sú að maðurinn M hafði allt frá árinu 2011 áreitt konuna K með ýmsum hætti. Hann hafði byrjað að ónáða hana þegar þau sátu saman á námskeiði í háskólanum. Ónæðinu hélt hann áfram á árinu 2013 og sumarið 2014. Hann reyndi ítrekað að gefa sig á tal við K og sendi henni fyrirspurnir (ágengar) á Facebook. Fram kom í málsgögnum að K fannst þetta stuðandi samskipti, sóttist ekki eftir þeim og fannst M vera veikur. Síðastliðið haust varð K svo fyrir margs konar ónæði, t.a.m. bjölluhringingar um nætur og innbrot í íbúð kærasta hennar. K frétti það svo úti í bæ að M væri mjög veikur á geði, væri með hana á heilanum og hygðist siga handrukkara á hana. Þá voru unnar skemmdir á bíl K og ítrekað skorið í dekk á bíl kærasta hennar. Á sama tíma þ.e. í október og nóvember hafði M sent K mörg skilaboð á Facebook þar sem hann tiltók ýmis persónuleg atriði um K, t.a.m. um ástarsambönd hennar. K lét M vita að hún kærði sig ekki um þetta, en hann lét sér ekki segjast.

K tilkynnti lögreglu 2. desember s.l. að K hefði elt hana á bíl þegar hún var að aka í vinnuna. M var yfirheyrður af lögreglu 4. desember s.l. þar sem hann játaði m.a. að hafa sent K skilaboð og hafa ekki látið hana í friði þrátt fyrir að hún hefði beðið hann um það. M lofaði hins vegar við skýrslutökuna að hann myndi láta K í friði. Hann stóð hins vegar ekki við það og sendi K hótanir á Facebook, undir nafni annars manns, þar sem hann sagðist vera búinn að hafa samband við „verktakann” vegna hennar. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákvað því, 9. desember 2014, að M skyldi sæta nálgunarbanni í sex mánuði. Honum var m.a. bannað að koma nær heimili og vinnustað konunnar K, en sem samsvaraði 50 metra radíus frá miðju þessara húsa. Héraðsdómur staðfesti nálgunarbannið 19. desember 2014 og rökstuddi úrskurð sinn ítarlega með umfjöllun um einstök sönnunargögn.

Hæstiréttur staðfesti svo úrskurð héraðsdóms 5. janúar 2015 með þessum orðum að: *“Að virtum gögnum málsins, sem rakin eru í hinum kærða úrskurði, verður fallist á með héraðsdómi að fullnægt sé skilyrðum 4. gr. laga nr. 85/2011 til að varnaraðila verði gert að sæta nálgunarbanni, enda verður ekki talið að friðhelgi brotaþola verði vernduð með öðrum og vægari hætti, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.“*

***Rökstuðningur héraðsdóms (sem Hæstiréttur staðfesti):***

Hér skiptir máli að skoða vel héraðsdóminn og hvernig þessi *„gögn málsins”*, sem Hæstiréttur vísar til hér að framan, voru metin. Héraðsdómur byrjaði fyrst á að fjalla um kæru K á hendur M vegna eignaspjalla, nafnlaust hótunarbréf sem hún hafði fengið, sem og innbrotið í íbúð kærasta hennar. Héraðsdómur taldi þessi atriði ekki nothæf og sagði um þetta atriði að M hefði við yfirheyrslu *„neitað sök og í gögnum málsins eru ekki vísbendingar sem nægja til að álykta svo að rökstuddur grunur sé uppi um að hann hafi átt aðild að þessum atvikum.“*

Um játningu M sagði héraðsdómur eftirfarandi: „Á hinn bóginn styður framburður hans fyrir lögreglu og dómi að meginstefnu frásögn brotaþola á samskiptum aðila þegar leiðir þeirra lágu saman í Háskólanum árið 2011 og 2013, þótt varnaraðili telji engin tilefni fyrir brotaþola til að óttast hann vegna þeirra. *Þá hefur hann gengist við því að hafa sent brotaþola öll þau samskipti í gegnum Facebook* sem liggja fyrir í málinu, sem og umrædda gjafasendingu og símtöl á árinu 2011. Þá liggur einnig fyrir að varnaraðili *hefur ekki látið af háttsemi sinni* þrátt fyrir að brotaþoli hafi kært hann til lögreglu og þrátt fyrir yfirlýsingar hans sjálfs í skýrslutöku hjá lögreglu þann 4. desember um að hann myndi láta af háttsemi sinni.”

Um túlkun á efni Facebook-skilaboða M sagði dómurinn m.a.: „*Skilaboðin* sem hann sendi brotaþola í kjölfar þeirrar skýrslutöku verða ekki skilin öðru vísi en svo *að þau feli í sér hótun* sem ætlað er *að vekja ótta* hjá brotaþola en þar segir hann að réttast sé að senda á hana verktaka núna en þeir fáist gegn vægu verði ef þeir sitji þá ekki inni. [...] er það mat dómsins að *brotaþoli hafi með réttu getað dregið þá ályktun* af þessum skilaboðum að henni stæði ógn af varnaraðila og jafnframt að *honum hafi mátt vera það ljóst* þegar hann sendi skilaboðin.”

Héraðsdómur fer einnig í þróunina *(stigmögnunina)* á efni skilaboðanna og segir um það: „Verður [...] að skoða þessi síðustu skilaboð hans í ljósi fyrri samskipta aðila. Skeytin sem varnaraðili hefur sent brotaþola undanfarna mánuði eru *mjög oft reiðileg og ágeng,* þar sem varnaraðili virðist líta svo á að hann eigi kröfu á hendur brotaþola um persónuleg samskipti auk þess sem ljóst má vera af efni þeirra að hann hefur aflað upplýsinga um persónulega hagi brotaþola sem eru honum með öllu óviðkomandi. Þegar horft er á framkomu hans *heildstætt* er ekki fallist á það með varnaraðila að þau hafi einungis verið brotaþola til ama heldur hefur hann að mati dómsins með ólögmætum hætti *raskað friðhelgi* hennar og hefur framkoma hans verið *til þess fallin að vekja ótta* hjá brotaþola. Eru því skilyrði [...] fyrir hendi til að staðfesta ákvörðun lögreglu um nálgunarbann hans gagnvart brotaþola. [...] er fallist á, með vísan til hegðunar brotaþola að undanförnu, að ekki sé líklegt að friðhelgi brotaþola verði vernduð með öðrum og vægari hætti en nálgunarbanni [...]. Er hér einkum vísað til þess að *síðustu samskipti varnaraðila* við brotaþola, sem hann sendi eftir að afskipti lögreglu hófust, eru *sýnu alvarlegri en fyrra áreiti.* Verður ákvörðun lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu því staðfest [...].”

***Lærdómur:***

Ýmsar verðmætar vísbendingar má draga af þessum dómi varðandi vandað verklag lögreglu við gagnaöflun og meðferð nálgunarbannsmála, einkum þó þessi atriði:

1. *Hröð málsmeðferð er möguleg.* Málið tók einn mánuð. Kært var 2. desember s.l. og dómur Hæstaréttar féll, 5. janúar s.l.
2. *Heildarmat á sönnunargögnum skiptir máli.* Dómurinnn sýnir að öll sönnunargögn eru yfirfarin og metin og það er heildarmat á öllum „gagnapakkanum” sem ræður niðurstöðunni.
3. *Neitun og játning eru sem endranær mikilvæg.* M neitaði öllum sakargiftum í eignaspjalla- og innbrotsmálinu og því var ekki litið til þeirra mála við sönnunarmat. Játning M varðandi t.a.m. Facebook-samskiptin skipti hins vegar miklu máli.
4. *Facebook-færslur eru fullgild sönnunargögn.* Nálgunarbannið fékkst ekki síst staðfest á grundvelli Facebook-færslna, þ.m.t. færslna sem kærði sendi frá annari Facebook-síðu en sinni eigin.
5. *Stigmögnun ónæðis og eðli þess skiptir miklu máli.* Dómarinn leit til þess að Facebook-skilaboð kærða voru oft mjög reiðileg og ágeng. Tónn síðustu samskipta var einnig sagður sýnu alvarlegri en fyrra áreiti. Þessi stigmögnun ógnunar er atriði sem lögreglumenn þurfa meðal annars að kanna mjög vel þegar hættan af hinum kærða er metin.
6. *Varðandi veikindi.* Hér má að síðustu spyrja sig, í ljósi þess að vísbendingar voru um andleg veikindi kærða, hvort og þá hvernig best er að afla upplýsinga um slíkt. Veikindi geta haft áhrif á niðurstöðu máls og lögreglu ber skylda til að komast að hinu sanna og rétta. Ein leið sýnist því hreinlega að spyrja kærða við skýrslutöku, um þetta atriði.

*Greinarhöfundur Björgvin Björgvinsson*



# Kvenréttindi og karlæg viðhorf

*Viðtal við Dóru Hlín Ingólfsdóttur fyrrverandi rannsóknarlögreglukonu*

**Í ár er þess minnst á margvíslegan hátt að liðin eru hundrað ár frá því að konur á Íslandi fengu kosningarétt. Bríet Bjarnhéðinsdóttir, hin ötula og framsýna kvenréttindakona, sagði á Austurvelli þann 7. júlí árið 1915 í hátíðarræðu á þessum tímamótum: „Vér heilsum glaðar framtíðinni, þar sem karlar og konur vinna í bróðerni saman að öllum landsmálum [...].“ Á þeim hundrað árum sem liðin eru frá því Bríet hélt ræðuna hafa orðið miklar breytingar á högum kvenna og þátttaka þeirra í atvinnulífi hér á landi er nánast orðin jafn mikil og karla. Á atvinnumarkaði árið 2014 voru 83,7% karla og 78,2% kvenna, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands.**

Lögreglustarfið hér á landi var langt fram eftir 20. öld algjört karlavígi. Kvenlögregla í Reykjavík var stofnuð á sjötta áratug aldarinnar en starfssemi hennar lagðist af nokkrum árum síðar. Konurnar sem störfuðu í Kvenlögreglunni voru óeinkennisklæddar en unnu engu að síður náið með almennu lögreglunni og Rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, meðal annars að barnaverndarmálum. En haustið 1973 gerðist það að auglýst var eftir konum til starfa hjá Lögreglunni í Reykjavík og áttu þær að vera einkennisklæddar og vinna sömu störf og karlar. Í framhaldinu voru tvær ungar konur ráðnar í Lögregluna í Reykjavík, þær Dóra Hlín Ingólfsdóttir og Katrín Þorkelsdóttir. Þetta þóttu töluverð tíðindi innan lögreglunnar og skoðanir skiptar um ákvörðunina. Næstu ár á eftir gengu enn fleiri konur í lögregluna en hlutfall þeirra hefur ætíð verið lágt, konur eru einungis 13% af heildarfjölda lögreglumanna. Í desember síðastliðnum brá svo við að konur voru í meirihluta þeirra lögreglunema sem útskrifuðust frá Lögregluskólanum eða ellefu konur af fjórtán lögreglunemum svo það gæti bent til þess að hlutfall kvenna í lögreglunni á Íslandi muni aukast á komandi árum.

Önnur af tveimur fyrstu einkennisklæddu lögreglukonum er Dóra Hlín Ingólfsdóttir, sem hefur verið skelegg baráttukona í jafnréttismálum innan lögreglunnar. Barátta hennar gegn ofbeldi gagnvart konum og börnum er flestum kunn. Ekki er heldur


JÚLÍ 1974

**Sumarstörf**

Lögreglustjóraembættið í Reykjavík óskar að ráða skrifstofustúlkur til afleysingarstarfa í sumar.

Umsóknir, sem greini aldur, menntun og fyrri störf, sendist embættinu fyrir 3. maí n.k.

Lögreglustjórinn í Reykjavík,
27. apríl 1973.

*„Auglýsing, frá 1973, um laus störf hjá Lögreglustjóranum í Reykjavík. Takið eftir að auglýst er sérstaklega eftir „skrifstofustúlkum“ til starfa.“*

**Auglýsing**

**um lausar lögregluþjónsstöður í Reykjavík**

Lögregluþjónsstöður í Reykjavík eru lausar til umsóknar, þar af nokkrar stöður kvenlögregluþjóna. Launakjör samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna.

Umsóknarfrestur er til 25. sept. 1973.

Upplýsingar um starfið gefa yfirlögregluþjónar.

Reykjavík, 4. september 1973.
Lögreglustjórinn í Reykjavík.

*„Auglýsingin sem Dóra Hlín vitnar til að varð til þess að hún sótti um starf í lögreglunni.“*

ólíklegt að hún hafi verið fyrirmynd margra ungra kvenna sem hafa gengið í lögregluna á liðnum árum og átt þátt í því að konum í lögreglunni hefur smám saman fjölgað. Dóra Hlín lét af störfum í lögreglunni eftir rúmlega fjörutíu ára farsælt starf á síðasta ári. Það þótti þess vegna vera tilefni, á hundrað ára afmæli kosningaréttar kvenna, að spjalla við Dóru Hlín. Hún féllst á að ræða um starfið og jafnréttisbaráttu hennar innan lögreglunnar. Við mæltum okkur mót á kaffistofunni í Perlunni einn vindasaman febrúardag og ég spyr hana fyrst um uppvöxt og bernsku.

„Ég er fædd að Drápuhlíð 4 í Reykjavík þann 17. ágúst árið 1949, og er næst elst þriggja systra. Þegar ég var tveggja ára fluttist fjölskyldan að Víghólastíg 3 í Kópavogi en pabbi og mamma byggðu sér þar hús. Við vorum með þeim fyrstu sem þangað fluttumst og teljumst því til frumbyggja Kópavogs. Ég man eftir að við krakkarnir vorum allan daginn úti að leika okkur þótt umhverfið hafi verið frekar berangurslegt, en óspilltur móinn og holtagrjótið voru leiksvæðið okkar. Við klifruðum yfir gaddavírsgirðingar sem þarna voru út um allt og þegar rok var eða hvassviðri héldum við úlpunum uppi yfir höfðinu, notuðum þær eins og segl til að vindurinn feykti okkur áfram og það fannst okkur mjög skemmtilegt. Það voru engin tré eða annar gróður komin en við sáum glitta í græn trén í Fossvogskirkjugarðinum. Uppvaxtarárin voru góðir tímar í Kópavoginum, barnmargar fjölskyldur að flytja inn í nýreist húsin og að koma sér fyrir. Mamma var heimavinnandi, eins og flestar mæður á þessum tíma, og fisksali kom reglulega akandi á pallbíl sem hlaðinn var nýjum fiski, og flautaði til að gera vart við sig. Þá komu húsmæðurnar hlaupandi út úr húsunum til að kaupa fisk af honum.“

Það er augsjáanlegt að Dóra Hlín á góðar bernskuminningar frá þessum tíma því hún ljómar þegar hún rifjar upp æskuárin sín.

### *En hvað var til þess að áhugi þinn vaknaði á lögreglustarfinu?*

„Ég fór til London þegar ég var 18 ára og sá þá lögreglukonur í einkennisbúningi. Ég varð mjög hrifin þegar ég áttaði mig á að konur gætu gengið í lögregluna. Pabbi var í lögreglunni og ég kom stundum á lögreglustöðina til að heimsækja hann en ég held að það hafi ekki haft þau áhrif að ég hafi hugleitt að fara í lögregluna. Nokkrum árum síðar eða árið 1973, sá ég frétt um það í dagblaðinu Vísi að fáar



*Frá vinstri: Sigurður Móses Þorsteinsson, Dóra Hlín og Friðrik Pálsson.*

konur hefðu sótt um störf lögreglukvenna sem auglýst höfðu verið laus til umsóknar. Fréttin vakti athygli mína, ég var að leita mér að fastri vinnu og ákvað að sækja um. Við vorum tvær konur sem fengum stöðu, ég og Katrín Þorkelsdóttir. Við byrjuðum um miðjan október í Lögregluskólanum, sem var þá á annarri hæð á lögreglustöðinni við Hverfisgötu og fannst mér námið afar fróðlegt og skemmtilegt. Skólinn var fullsetinn af nemendum hvaðanæva af landinu, allt karlmenn auðvitað, nema ég og Katrín.“

### *Og hvernig voru svo móttökurnar?*

„Kennarar og nemendur í Lögregluskólanum tóku mjög vel á móti okkur en það breyttist þegar við byrjuðum að starfa. Þá urðum við fyrir allskonar hindrunum. Þótt flestir lögreglumenn tækju okkur vel þegar við mættum til vinnu voru nokkrir yfirmenn ekki eins hrifnir. Það má segja að yfirmennirnir hafi skipst í tvö horn, helmingur þeirra tóku okkur vel og fögnuðu okkur og studdu, en hinir sögðu að þeir teldu lögreglustarfið ekki vera fyrir konur og hristu bara höfuðið þegar þær mættu okkur á lögreglustöðinni. Þeir héldu því fram fullum fetum og af mikilli sannfæringu, að konur ættu að vera heima og hugsa um heimili, börn og eiginmenn en ekki vera ösla göturnar. Okkur þótti viðhorf þeirra bæði gamaldags og íhaldsöm en þeir voru ekkert feimnir við að halda skoðunum sínum fram. Sögðu þetta beint við okkur og létu aðra lögreglumenn heyra.“

### *En hvaða verkefni fenguð þið fyrsta daginn sem lögreglukonur?*

„Fyrri önninni í Lögregluskólanum lauk í byrjun desember en þá var almenn deild lögreglunnar nýflutt frá gömlu lögreglustöðinni við Pósthússtræti upp á Hverfisgötu við Hlemm sem var starfsstöðin okkar. Mig minnir að fyrsta daginn hafi við verið skráðar á Laugaveginn í göngueftirlit, eins og allir nýliðar voru látnir gera á þessum tíma. Við vorum annað hvort einar á varðgöngu eða með öðrum lögreglumanni en jólaumferðin var byrjuð og margt fólk á ferð um miðborgina. Það var samt sífellt verið að finna okkur stað innan lögreglunnar þar sem við myndum nýtast best og ekki laust við að svolítill vandræðagangur hafi verið í sambandi við þau verkefni sem við áttum að sinna. Um tíma vorum við í umferðardeild og síðan í slysarannsóknardeild eða SRD, eins og deildin hét þá, þar sem við unnum við að teikna upp slysavettvang og taka skýrslur af fólki sem lent hafði í árekstri eða umferðarslysi. Þá vorum við einnig á næturvöktum í almennu deildinni og tókum þar aukavaktir þótt það hafi reyndar ekki gengið mjög vel að fá að taka þær.“

Aðalskoðun
UNDER ARMOUR
Bakarameistarinn
Brasserie ASKUR
BÓNUS
EIMSKIP YFIR HAFIÐ OG HEIM
Fjallabyggð
FLUGFÉLAG ÍSLANDS

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Skóarinn í Kringlunni ehf
Skólavefurinn.is
SM kvótaþing ehf
SOS tölvuhjálp, s: 864 0931
Sportbarinn
Sportlíf-www.sportlif.is
Staukur ehf-leiktæki og sjálfsalar
Stál og stansar ehf
Stálbyggingar ehf
Stjörnuegg hf
Stólpi gámar ehf, gámaleiga- og sala
Stóra bílasalan ehf
Styrja ehf
Suzuki bílar hf
Svarta Kaffið kaffihús
Sveiney ehf
SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu
Sægreifinn
Söluturninn Vikivaki
Tannlæknastofa Jóns Viðars ehf
Tannlæknastofa Þórðar Birgissonar
TBG ehf
Teiknistofan Arkitektar
Terra Export ehf
Tibuk2 Kringlunni
Timberland Kringlunni & Laugavegi
Tollstjóraembættið
Tollvarðafélag Íslands
Tort ehf
Trip ehf
Tækni ehf, vélsmiðja
Tölvu- og tækniþjónustan ehf
Tösku- og hanskabúðin ehf
Ullarkistan ehf
Úðafoss sf, efnalaug
Úra- og klukkuverslun Gilberts Ó Guðjónssonar
Útfaraþjónusta Rúnars Geirmundssonar
Vagnar og þjónusta ehf
Valhöll fasteignasala ehf
Varma & Vélaverk ehf
Veiðibúðin Hlað ehf
Veiðiflugur ehf
Veitingahúsið Jómfrúin
Velmerkt ehf
Verkengi ehf
Verkfræðistofan Skipatækni ehf
Verkfræðistofan Víðsjá ehf
Verkfærasalan ehf
Verslunin Kvosin
Verslunin Vínberið
Vesturröst-Sérverslun veiðimanna
Vélar og verkfæri ehf
Vélsmiðja Einars Guðbrandssonar sf
Véltækni hf
Vélvík ehf
Viðskiptastofan B.T. sf
Viking Fish ehf
Vilberg kranaleiga ehf
Vinnumálastofnun
Vitabar, veitingahús
Vikurós ehf, bílamálun og réttingar
Vottunarstofan Tún ehf, vottun sjálfbærra náttúrunytja
Vörubílastöðin Þróttur hf
Wise lausnir ehf
www.varma.is
Þ.G. verktakar ehf
Þín verslun ehf
ÞÓB vélaleiga ehf
Þrír Frakkar hjá Úlfari, veitingahús
Ögurvík hf
Ökumennt ehf
Ömmubakstur

### Seltjarnarnes

Innrömmun Guðmundar
Nesskip hf
Veislan veitingaeldhús www.veislan.is
Vekurð ehf

### Vogar

Loftræstihreinsun ehf
Sveitarfélagið Vogar

### Kópavogur

AFA JCDecaux Ísland ehf
Arnardalur sf
Á. Guðmundsson ehf
Ásborg slf
Baader Ísland ehf
BB44 Gisting ehf
Bifreiðastillingin ehf
Bifreiðaverkstæði Björns Pálmasonar ehf
Bifreiðaverkstæði Jónasar ehf
Bifreiðaverkstæði Kópavogs ehf
bilalokkun.is
Bílalakk ehf
Bílamarkaðurinn
Bílasprautun og réttingar Hjartar
Bílaverkstæði Kjartans og Þorgeirs sf
Bílhúsið ehf
Bíljöfur ehf
Bílstál ehf
Blikkás-Funi ehf
Brunabótafélag Íslands
Cafe Catalina
Cargo sendibílaleiga ehf
Dýrheimar sf heildsala
Einar Beinteins ehf - Dúklagningameistari
Elfa Guðmundsdóttur tannlæknir, s: 564 6250
Eyfeld ehf
Gunnarshólmi grasavinafélag ehf
Hafið-fiskverslun ehf
Harðbakur ehf
Hefilverk ehf
Hegas ehf
Hjörtur Eiríksson sf
Hvellur-G. Tómasson ehf
Höll ehf
Ingi hópferðir ehf
Init ehf
Íslandsspil sf
JS-hús ehf
Kambur ehf
Kjöthúsið ehf
Klippistofa Jörgens ehf
Körfuberg ehf
Lakkskemman ehf
Ledlýsing-Díóða ehf
Litalausnir málningarþjónusta ehf
Línan ehf
Loft og raftæki ehf
Löggiltir endurskoðendur
Lögmannsstofa Guðmundar Þórðarsonar og fasteignasala Kópavogs
MótX ehf
Norm X ehf
Nýþrif-ræstingaverktaki ehf
Rafmiðlun hf
Rafport ehf
Rafvirkni ehf
Reiðhjólaverslunin Hjólið ehf
Reykofninn ehf
Ræstingaþjónustan sf.
Saumastofa Súsönnu
Slökkvitækjaþjónustan ehf
Sólarfilma ehf
Sports Direct
Stjörnublikk ehf
TERN SYSTEMS ehf
Tíbrá ehf
Tryggingamiðlun Íslands ehf
Tröllalagnir ehf, pípulagningaþjónusta
Tækniþjónusta Ragnars G Gunnarssonar ehf
Þórutindur ehf

### Garðabær

Elektra ehf
Engilbert ÓH Snorrason tannlæknastofa sf
Garðabær
Geislatækni ehf-Laser-þjónustan
GJ bílahús
Hagráð ehf
Krókur ehf
Mokarinn ehf
Okkar bakarí ehf
Pípulagnaverktakar ehf
Rafboði
S.S. Gólf ehf
Samhentir
Úranus ehf
Val-ás ehf
Vörumerking ehf
Wurth á Íslandi ehf
Öryggisgirðingar ehf

### Hafnarfjörður

Alexander Ólafsson ehf
Barkasuða Guðmundar ehf
Donna ehf
DS lausnir ehf
Efnalaugin Glæsir
EÓ-Tréverk sf
Essei ehf
Fjarðargrjót ehf
Flúrlampar ehf
Fura málmendurvinnslan ehf
G. Ingason hf
G.S. múrverk ehf
GF Barnalækningar slf
Hagtak hf
Hallbertsson ehf
HB búðin
Heimir og Jens ehf
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð
Holtanesti, videóleiga
Hópbílar hf
Hraunhamar ehf
IRobot, verslun
Ísrör ehf
Japanskar vélar ehf
Kerfi fyrirtækjaþjónusta ehf
Kjarnagluggar ehf
Lagnameistarinn ehf
Lögmenn Thorsplani sf
Markus Lifenet ehf
Matbær ehf
Meindýravarnir Firringar ehf
Nonni Gull
Pappír hf
SBJ réttingar ehf
Skerpa renniverkstæði
Spennubreytar
Stálnaust ehf
Trefjar ehf
Trésmiðjan okkar ehf
Umbúðamiðlun ehf
Útgerðartækni ehf
Úthafsskip ehf
Vélsmiðja Guðmundar ehf
Vélsmiðjan Altak ehf
Viking björgunarbúnaður

### Álftanes

Dermis Zen slf

### Reykjanesbær

A. Óskarsson ehf
B & B Guesthouse
Bílar og Hjól ehf



***En hver var ástæða þess að þið fenguð ekki að taka aukavaktir?***

„Ég veit það ekki fyrir víst en tel að ástæðan hafi verið sú, að föstu launin voru ekki há hjá lögreglunni og það var mikil eftirspurn eftir aukavinnu til að drýgja tekjurnar. Sú gagnrýni kom fram meðal lögreglumanna að það væri verið að takmarka möguleika þeirra á að auka tekjur sínar með því að hleypa lögreglukonum í aukavinnuna, og að það gengi ekki því þeir væru fyrirvinnur. Ég var einstæð móðir með eitt barn og sjálf fyrirvinna og var eins og aðrir lögreglumenn tilbúin að leggja meiri vinnu á mig til að fá hærri laun. Það tókst að lokum að sætta ólík sjónarmið og við Katrín fengum að taka aukavaktir í umferðardeild."

*En hvernig var það á næstu árum, fjölgaði konum ekki í lögreglunni eftir að þið Katrín höfuð störf og rudduð þar með brautina fyrir aðrar konur?*

„Jú vissulega því árið eftir komu fleiri konur inn í lögregluna og fljótlega var stofnuð sérstök deild sem eingöngu var skipuð lögreglukonum. Guðlaug Sverrisdóttir varðstjóri, sem hafði áður starfað í Kvenlögreglunni, var fengin til að stjórna deildinni. Við vorum orðnar sex lögreglukonur, allar einkennisklæddar og sinntum sömu störfum og karlarnir. Við unnum á dagvöktum en tókum aukavaktir á kvöldin og um helgar. Við fengum aðstöðu alveg út af fyrir okkur á annarri hæð á lögreglustöðinni við Hverfisgötu og meðal okkar skapaðist mjög góð og sérstök samstaða sem styrkti okkur og sameinaði. Þetta var afar skemmtilegur og góður tími."

*Ég spyr hana hvenær það hafi verið að hún sótti um hjá Rannsóknarlögreglunni í Reykjavík.*

„Það var sumarið 1976 að ég komst í afleysingar hjá Sakadómi Reykjavíkur í Borgartúni 7, en á þeim tíma heyrði Rannsóknarlögreglan í Reykjavík undir Sakadóm. Ég byrjaði strax í rannsóknum en um haustið var auglýst laus til umsóknar föst staða hjá Rannsóknarlögreglunni, sem ég sótti um og fékk. Hjá Rannsóknarlögreglunni í Borgartúni 7 voru aðstæður með þeim hætti að engin afgreiðsla var þar svo að fólk sem kom til að leggja fram kæru fór bara til þess rannsóknarlögreglumanns sem var laus í það og það skiptið. Ég var eina konan hjá Rannsóknarlögreglunni og þær konur sem komu til að kæra kynferðisbrot voru í auknu mæli farnar að óska eftir að kona tæki niður kæru, og þar sem ég var eina konan tók ég kæruna. Eftir að ég var búin að því var ég beðin um að halda áfram með málið og rannsaka það. Árið eftir var Rannsóknarlögregla ríkisins stofnuð og Rannsóknarlögreglan í Reykjavík lögð niður. Við sem höfðum starfað hjá Rannsóknarlögreglu Reykjavíkur vorum færð yfir til RLR, eins og embættið var nefnt. Við fluttum síðan árið 1979 í Auðbrekku 6, í Kópavogi. RLR var deildarskipt í þrjár deildir og hver deild rannsakaði ákveðin hegningarlagabrot. Ég byrjaði í III. deild, en deildin rannsakaði skjalafals,

VÍSIR

Fimmtudagur 27. september 1973

## Er konan hrædd við „uniformið"?

### Aðeins 3 umsóknir hafa borizt um kvenlögreglustarf

„Það hafa margar leitað upplýsinga og spurt um starfið, en þegar að einkennisbúningnum kemur, þá renna á þær tvær grímur", sagði Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn, þegar við ræddum við hann í morgun. Fyrir stuttu auglýsti lögreglan eftir konum í kvenlögreglustörf.

Umsóknarfrestur um starfið rennur út í dag, en aðeins þrjár umsóknir hafa borizt. Bjarki sagði okkur, að meiningin hefði verið að ráða fjórar konur til starfa en það er ennþá tími til þess að skjótast á lögreglustöðina og leggja inn umsókn fyrir þær konur sem ekki hræðast „uniformið".

Á þessum tímum jafnréttisbaráttunnar ætti konan ekki að þurfa að forðast starfsbúning frekar en karlmaðurinn, þótt úti á götu sé. —EA



Þessar 2 hressilegu kvenlögreglur hitti Bjarnleifur ljósmyndari úti í Glasgow á dögunum, og þær stilltu sér hiklaust upp fyrir hann. Það líður kannski ekki á löngu áður en við getum einnig státað af kvenlögreglu.

þjófnaðabrot og kynferðisbrot. Fáum árum síðar breyttist þetta og kynferðisbrotin voru færð í I. deild með ofbeldisbrotum, andlátum og sjálfsvígum. Í þeirri deild fann ég strax fyrir mikilli tortryggni í minn garð, en þar sem ég var eina konan í deildinni neyddust þeir til að hafa mig vegna þess að konur sem komu til að kæra kynferðisbrot héldu áfram að óska eftir að kona tæki niður kæruna."

*Ég spyr Dóru Hlín hvort hún viti hvers vegna tortrygginn var til staðar.*

„Já ég tel að það hafi verið vegna tengsla minna við hagsmunasamtök kvenna að ég var litin hornauga. Ég varð mjög hrifin þegar Kvennalistinn var stofnaður árið 1983, hreifst af baráttumálum sem hann stóð fyrir og gekk til liðs við hann. Meðal þess sem ég var ánægð með var stefna hans um kvenfrelsi sem fól í sér rétt kvenna til að vera metnar að eigin verðleikum til jafns við karla. Ennfremur sú hugmynd að konur og karlar gætu tekið til sín það besta úr heimi hvor annars og saman skapað nýjan heim. Þegar ég kynntist baráttumálum og hugmyndum Kvennalistans var eins og oki hafi verið létt af herðum mínum. Þar komu fram sjónarmið sem ég hafði mjög svo velt vöngum yfir, meðal annars um jafnrétti kynjana. Í Kvennalistanum kynntist ég öðrum konum sem höfðu sömu reynslu og ég og vildu breytingar. Þar á meðal þær að styrkja stöðu kvenna með auknu jafnrétti, bæði á heimilum og úti á vinnumarkaði. Hin karlægu gildi voru allsráðandi í samfélaginu á þessum tíma og ekki sjáanlegt að neinar breytingar væru í augsýn. Þess vegna þurftu konur að standa saman til að knýja fram aukið jafnrétti. Þá vann ég meðal annars í samtökum kvenna um stofnun kvennaathvarfs og tók ennfremur þátt í stofnun Stígamóta. Ástæðan var ekki síst sú að ég hafði verið að vinna við erfið ofbeldismál þar sem konur voru þolendur og mér fannst mér ég fyrst fá að sjá hina hliðina á peningnum, ef hægt er að orða það þannig, og vildi hjálpa til. Á þessum tíma voru fá úrræði í boði fyrir þolendur ofbeldisbrota og afskipta- og áhugaleysi var áberandi. En stofnun Neyðarmóttöku fyrir þolendur nauðgana var gríðarleg betrumbót og sú kona sem hafði hvað mest áhrif á mig þá var Guðrún Agnarsdóttir sem síðar varð yfirlæknir Neyðarmóttökunnar. En svo kom að því árið 1989 að ég var færð úr I. deild með látum og sett í boðun, en það var deild sem sá um að kalla fólk til skýrslutöku fyrir rannsóknarlögreglumenn. Mér þótti þetta vera eins og hvert annað sendlastarf og var misboðið. Ég hugleiddi á þessum tíma að hætta í lögreglunni en það sem aftraði mér frá því var ljóð sem ég geymdi alltaf í skrifborðsskúffunni minni og sem veitti mér mikinn styrk. Ljóðið er vel þekkt hjá kvenréttindakonum og femínistum, en það er eftir Jóhannes úr Kötlum. Í ljóðinu talar ljóðmælandi til kvenna og hvetur þær til að fylgja sannfæringu sinni um leið og hann varar þær við því mótlæti sem þær geta búist






Laugardagur 29. sept. 1973

alþýðu blaðið

ÞORIR ER HINIR ÞEGJA

**Sex konur vildu í lögregluna**

Lögreglunni í Reykjavík berst ánægjulegur liðsstyrkur í jólaumferðina, en 12. desember næstkomandi birtast á götum borgarinnar fyrstu lögreglukonurnar og taka m.a. til við að stjórna umferðinni.

Umsóknarfresturinn um störf fjögurra lögreglukvenna rann út í gær, og að sögn Bjarka Elíassonar, yfirlögregluþjóns sóttu um þau sex konur á aldrinum milli tvítugs og þrítugs. Í gær hafði Bjarki rætt við þrjár kvennanna, og sagði hann í viðtali við Alþýðublaðið í gærkvöldi, að sér hefði litist mæta vel á þær, „en að sjálfsögðu er ekki hægt að segja til um hæfni þeirra til starfsins fyrr en að loknum þeim tveggja ára reynslutíma, sem allir lögreglumenn verða að gangast undir ", sagði Bjarki.

Þær fjórar konur, sem verða ráðnar, hefja nám í lögregluskólanum 16. október, eins og aðrir, sem sækja um starf hjá lögreglunni, og fá þar sömu undirbúningsmenntun og aðrir. Skólanum lýkur 12. desember og stíga þá lögreglukonurnar út á götu í fyrsta sinn í skrúða sínum, og taka að sveifla hvítu kylfunni.

við að fá, en fyrsta erindið og það síðasta hljóðar svo:“

„Dómar heimsins dóttir góð munu
reynast margvíslegir.
Glímdu sjálf við sannleikann hvað sem
hver segir.
[...]
Inn í brjóst þitt ein og hljóð rýndu fast
ef röddin þegir.
Treystu á þinn innri mann hvað sem
hver segir.“



*Dóra Hlín situr hér á baráttufundi LL, ásamt fleiri lögreglumönnum, vegna kjarasamninga árið 2001.*

„Ég neita því ekki að ég þurfti oft að grípa til ljóðsins til að fá styrk og hvatningu á þessu tímabili. Einnig hjálpaði það mér mikið að ég fór á fund hjá ENP, (European network of police women), sem eru samtök evrópskra lögreglukvenna sem hittast reglulega. Þær deildu sömu áhyggjum og við íslenskar lögreglukonur hvað snerti íhaldsemi og tortryggni sem þær höfðu reynt sjálfar hjá lögreglumönnum sem þær unnu með, og hvöttu okkur til að stofna hagsmunahóp. Við tókum þær á orðinu og stofnuðum Kríurnar sem ég tel að hafi verið til góðs.“

***En var eitthvað sem kom upp á í I. deildinni hjá RLR sem varð til þess að þú varst færð til?***

„Nei ég veit ekki til þess, alla vega var engin ástæða tilgreind hvers vegna verið var að færa mig. Mér þótti ráðstöfunin einkennileg þar sem ég taldi að vegna reynslu minnar og þekkingar á stöðu og aðstæðum þolenda kynferðisbrota, væri ég hæfari til að rannsaka slík mál frekar en þeir sem litla eða enga reynslu höfðu. En eins og ég sagði, tel ég að karlæg viðhorf og íhaldssemi hafi ráðið þarna miklu. En ég varð að sætta mig við færsluna þótt mér hafi fundist hún ósanngjörn. Ég vann síðan í boðunardeild hjá RLR allt fram til ársins 1997 en þá var embættið lagt niður. Ég verð að segja alveg eins og er að ég sá ekkert eftir RLR.“

***En hvað tók við eftir þetta?***

„Ég fór þá, eins og flestir rannsóknarlögreglumenn sem störfuðu hjá RLR, til Lögreglunnar í Reykjavík í R-3, sem var sú deild sem rannsakaði ofbeldi, þar á meðal kynferðisofbeldi. En ég var þar í tiltölulega stuttan tíma, sennilega eitt ár, en þá var ég aftur færð til og sett í deild sem sá um að birta dóma og ákærur fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur. Ég starfaði í þeirri deild þar til Lögregla höfuðborgasvæðisins var sett á stofn árið 2007 en þá fór ég á Stöð 4, sem er staðsett í Mosfellsbæ. Þar vann ég með góðu og skemmtilegu fólki allt þar til að ég lét af störfum hjá Lögreglu höfuðborgasvæðisins þann 1. september í fyrra.“

*Ég spyr Dóru Hlín hvort hún sé sátt við það að hafa starfað í lögreglunni í svona mörg ár þrátt fyrir það mótlæti sem hún mátti þola og hún hefur lýst hér að framan.*

„Já, ég hef kynnst mínum bestu félögum og vinkonum í lögreglunni og mér þótti mjög gaman í rannsóknum enda lögreglustarfið margbreytilegt og krefjandi. Þótt ég hafi mátt þola margt vegna þess að ég er kona er ég sátt við sjálfa mig og starfið. Ég stóð á mínu og treysti á minn innri mann. Ég tel það nauðsynlegt að í lögreglunni starfi konur til jafns á við karla en konurnar þurfa að standa saman. Ég er sannfærð um að framundan séu miklar breytingar, enda konur orðnar lögreglustjórar sem er gæfuspor. Það eitt og sér á eftir að hafa gríðarleg áhrif til hins betra fyrir framgang lögreglukvenna og samfélagið allt. Ég tel einnig að menntun lögreglunnar þurfi að færast upp á háskólastig. Það myndi gjörbreyta öllu ef lögreglumenntun færðist inn í almenna menntakerfið og yrði þá ekki hornreka eins og Lögregluskólinn virðist vera. Með háskólamenntun yrði lögreglan betur í stakk búin til að takast á við hin margvíslegu og erfiðu verkefni sem hún er sífellt að kljást við. Einnig er nauðsynlegt að framboð á símenntun lögreglumanna sé ætíð til staðar og það verður að gæta þess að í lögreglunni veljist jafnt konur og karlar með margvíslegan bakgrunn, og að þau séu gædd víðsýni svo að bæði kynin njóti sín.“

Ég lýk viðtalinu á þessum síðustu orðum baráttukonunnar Dóru Hlínar, þakka henni fyrir viðtalið og óska henni alls hins besta.

***Björgvin Björgvinsson.***

## *Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi*

Bílaver Ák ehf
Bílaverkstæði Þóris ehf
Brautarnesti
Dacoda ehf
Efnalaugin Vík ehf
Eignamiðlun Suðurnesja
Ferðaþjónusta Reykjaness ehf
HS Orka hf
Húsagerðin ehf, trésmiðja
Ice Group Ltd
IGS ehf Keflavíkurflugvelli
Langbest ehf
M2 Fasteignasala og leigumiðlun
Málverk slf
Olsen Olsen
Plastgerð Suðurnesja ehf
Plexigler ehf
Pulsuvagninn í Keflavík
Pústþjónusta Bjarkars ehf
Renniverkstæði Jens Tómassonar
Reykjanesbær
Rétt sprautun ehf
Rörvirki sf
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Skólamatur ehf
Smur- og hjólbarðaþjónustan ehf
Útfaraþjónusta Suðurnesja
Verkfræðistofa Suðurnesja hf
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Verslunin Kóda
Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf

**Grindavík**
Bláa lónið
Einhamar Seafood ehf
Eldfjallaferðir ehf
EVH verktakar ehf
Jón og Margeir ehf
Lagnaþjónusta Suðurnesja ehf
Marver ehf
Sílfell ehf
TG raf ehf
Vélsmiðja Grindavíkur ehf
Vísir hf
Þorbjörn hf

**Sandgerði**
Bátasmiðjan Sólplast
Verslunarfélagið Ábót

**Garður**
GSE ehf
Viðskiptasmiðjan ehf
Völundarhús ehf

**Mosfellsbær**
Álgluggar JG ehf
Bílapartar ehf
Blikksmiðjan Borg ehf
Byggingarfélagið Jörð ehf
Fagverk verktakar sf
Fasteignasala Mosfellsbæjar ehf
Garðagróður ehf
Glertækni ehf
GT-bílar ehf
Gylfi Guðjónsson
ökukennari, s: 696 0042
Hestaleigan Laxnesi
Hópferðabílar Jónatans Þórissonar ehf
Kjósarhreppur
Matfugl ehf
Málningarþjónusta Jónasar ehf
Mosraf ehf
Múrefni ehf
Nonni litli ehf
Rask-At ehf
Sigurplast ehf
Spíssar ehf-stífluþjónusta

**Akranes**
Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar
Blikksmiðja Guðmundar ehf
Fasteignasalan Valfell
Galito veitingastaður
Grastec ehf
Rafþjónusta Sigurdórs ehf
Runólfur Hallfreðsson ehf
Skagaverk ehf
Smurstöð Akraness sf
Spölur ehf-Hvalfjarðargöng
Stapavík ehf
Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf
Viðar Einarsson ökukennsla ehf
Ylur pípulagnaþjónusta sf

**Borgarnes**
Bílabær sf, bifreiðaverkstæði
Dýralæknaþjónusta Vesturlands ehf
Ensku húsin gistiheimili við Langá
Eyja- og Miklaholtshreppur
Golfklúbbur Borgarness
Loftorka í Borgarnesi ehf
Lögfræðistofa Inga Tryggvasonar
Samtök sveitarfélaga
í Vesturlandskjördæmi
Sigur-garðar sf
SÓ húsbyggingar ehf
Trésmiðja Pálma

**Stykkishólmur**
Marz sjávarafurðir ehf
Narfeyri ehf
Þ.B. Borg trésmiðja ehf

**Grundarfjörður**
Þjónustustofan ehf

**Hellissandur**
Esjar ehf
KG Fiskverkun ehf
Nónvarða ehf
Skarðsvík ehf
Snæfellsbær

**Búðardalur**
Dalabyggð

**Reykhólahreppur**
Reykhólahreppur
Þörungaverksmiðjan hf

**Ísafjörður**
Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Harðfiskverkun Finnboga, s: 456 3250
Ísblikk ehf
Póllinn ehf
Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Verkstjórafélag Vestfjarða
Þrymur hf,vélsmiðja

**Bolungarvík**
Bolungarvíkurhöfn
Bolungarvíkurkaupstaður
Fiskmarkaður Bolungarvíkur og Suður-
eyrar ehf
Flugrúta Bolungarvík

**Súðavík**
Súðavíkurhreppur

**Patreksfjörður**
Albína verslun
Bílaverkstæðið Smur-
og dekkjaþjónustan
Oddi hf, fiskvinnsla-útgerð

**Tálknafjörður**
Bókhaldsstofan Tálknafirði
Gistiheimilið Bjarmalandi ehf
Trans Atlantic ehf-ferðaskrifstofa
Þórsberg hf

**Bíldudalur**
GSG vörubílaakstur-trésmíði ehf

**Staður**
SG verkstæði ehf

**Árneshreppur**
Hótel Djúpavík ehf

**Blönduós**
Átak ehf
Gistiheimilið Kiljan ehf
Húnavatnshreppur
Léttitækni ehf
Samstaða, skrifstofa verkalýðsfélaga

**Skagaströnd**
Sjávarlíftæknisetrið BioPol ehf
Sveitarfélagið Skagaströnd

**Sauðárkrókur**
Efnalaug Sauðárkróks
Kaupfélag Skagfirðinga
K-Tak ehf
Steypustöð Skagafjarðar
Stoð ehf, verkfræðistofa
Útgerðarfélagið Sæfari ehf
Verslun Haraldar Júlíussonar
Verslunarmannafélag Skagafjarðar
Vörumiðlun ehf

**Varmahlíð**
Akrahreppur Skagafirði

**Siglufjörður**
Máláraverkstæðið ehf

**Akureyri**
Akureyrarbær
ÁK smíði ehf
Ásbyrgi-Flóra ehf
Bifreiðastöð
Oddeyrar ehf
Bílapartasalan
Austurhlíð
Blikk- og tækniþjónustan ehf
Dexta orkutæknilausnir ehf
Eining-Iðja
Framtal sf
Goya Tapas bar
Gróðrarstöðin
Réttarhóll ehf, www.rettarholl.is
Grófargil ehf
Hagvís ehf, heildverslun
Hnýfill ehf
Höldur ehf, bílaleiga
Jafnréttisstofa
Jökla ehf
Kjarnafæði hf
Kraftbílar ehf
Lögmannsstofa Akureyrar ehf
Meðferðarheimilið Laugalandi
Miðstöð ehf
Múriðn ehf
Orlofsbyggðin Illugastöðum
Ossi ehf
Pólarhestar ehf
Rafeyri ehf
Rafmenn ehf
Raftákn ehf - Verkfræðistofa
Rakara- og hárstofan Kaupangi




# Lögreglan árið 1977

*Eftir Eðvarð Lárus Árnason*

## *„Við létum blekkjast, og létum af hendi verkfallsréttinn og uppskárum svik sem valda lögreglustéttinni gríðarlegum skaða í nútíð og framtíð.“*

**Á haustmánuðum árið 1977 gerðist það á Íslandi, sem ekki hafði gerst áður. Lögreglan komin í verkfall. Hvernig gat það gerst að lögreglan þyrfti að fara í verkfall? Var það framkvæmanlegt? Já, það var framkvæmanlegt þannig: Lögreglumenn landsins mættu á sínar vaktir samkvæmt varðskrám, og sinntu verkefnum s.s. slysum, og öllum málum sem talin voru alvarleg. Minniháttar verkefnum var ekki sinnt. Lögreglumenn voru ekki ánægðir með að þurfa að standa í verkfalli, en það var á þessum tíma talið nauðsynlegt til lagfæringar launakjara.**



*Eðvarð Lárus Árnason*

### *Launakjör lögreglu tryggð – Verkfallsrétturinn afnuminn!*

Er verkfall lögreglumanna var afstaðið varð það ljóst bæði innan lögreglunnar og meðal þjóðarinnar, að ekki væri heppilegt að lögreglan gæti farið í verkfall. Heppilegra væri að launakjör lögreglumanna væru sett í fasta tengingu við aðrar starfsstéttir. Af stað var farið, viðmiðun var fundin út með samningum og kjarasamningar gerðir. Það sem koma skyldi í stað verkfallsréttarins var tenging launa lögreglu við aðrar starfsstéttir, s.s kennara og starfsfólk innan heilbrigðisstétta. Þessi niðurstaða, sem boðin var fyrir verkfallsréttinn, var af okkur lögreglumönnum sem þá vorum við störf, talin heppileg lausn, og okkur fannst komið öryggi hvað laun varðaði til framtíðar.

### *Trygging launakjara brást, svikul stjórnvöld!*

Eftir að samkomulagsgjörningur lögreglu og stjórnvalda var undirritaður fór fljótt að bera á því að stjórnvöld höfðu lítinn vilja til að standa við samninginn, og fóru að fara á bak við og hártoguðu og sviku flest sem samningurinn byggðist á. Það sem átti að koma í staðinn fyrir verkfallsréttinn til lögreglu urðu svik. Eftir að lögreglan var búin að láta af hendi verkfallsréttinn urðu varnirnar veikar, eða nánast engar. Leiðréttingar launa, sem áttu að koma til lögreglu miðaðar við tengingar við viðmiðunarstéttirnar, voru hundsaðar af stjórnvöldum. Enn fannst stjórnvöldum þó ekki nóg að gert. Fyrir síðustu aldamót var einnig numinn á brott sá þáttur samkomulagsins sem tilgreindi viðmiðunarstéttirnar. Í dag stendur eftir í hugum okkar lögreglumanna sem voru við störf árið 1977 og samþykktum að láta af hendi verkfallsréttinn, ómerkileg og sviksöm stjórnvöld.* Starfsstéttir sem hafið verkfallsrétt, gætið hans vel. Við sem vorum við lögreglustörf árið 1977 getum aðeins beðið það unga fólk sem nú starfar að löggæslu, afsökunar á því að við skyldum láta blekkjast af ómerkilegum stjórnvöldum og láta verkfallsrétt stéttarinnar af hendi. Það sér starfsfólk löggæslunnar í dag á launaseðlum sínum.

### *Hvað gerist ef fer fyrir lögreglu sem horfir?*

Hætt er við að í framtíð geti reynst erfitt að fá fólk til starfa að löggæslumálum, miðað við þau launakjör sem í boði eru. Störf í löggæslunni eru krefjandi, ekki fjölskylduvæn og verða sífellt erfiðari vegna aðgerða stjórnvalda, m.a. í niðurskurði og fækkun mannafla í lögreglu, frekar en fjölgun. Hættuleg verkefni hafa aukist, tengd eiturlyfjum og neytendum þeirra. Allt þetta og meira til er nú í boði til þeirra er starfa að löggæslumálum í dag. Já, fyrir ósæmileg smánarlaun.

***Höfundur er fv. yfirlögregluþjónn.***

## *Skýringar ritstjórnar

**Verkfallsréttur lögreglumanna var afnuminn með lögum nr. 82/1986. Umræður um afnám hans höfðu þó átt sér mun lengri aðdraganda innan stjórnsýslunnar eða allt frá svokölluðum „Sólstöðusamningum“ sem gerðir voru á árinu 1977 og jafnvel fyrr.**

Í stað verkfallsréttarins kom inn í kjarasamning lögreglumanna svokallað „viðmiðunarsamkomulag“ sem kvað á um að lögreglumenn hefðu sérstaka kauptryggingu sem fundin skyldi út og reiknuð af Hagstofu Íslands tvisvar á ári, í júlí og desember. Miða skyldi útreikninga við meðalhækkun launa stéttarfélaga innan BSRB, Bandalags háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Sambands íslenskra bankamanna og Bandalags kennarafélaga.

Um efndir þessa samkomulags er hægt að lesa með því að fletta upp í leitarvélum á Internetinu „verkfallsréttur lögreglumanna“ en eitt af því fyrsta sem þar kemur upp er ágætis yfirlit af vef Alþingis.

Viðmiðunarsamkomulag þetta var svo samið út úr kjarasamningi LL árið 2001 þegar svokölluð „gerðardómsleið“, kom inn, sem lögreglumenn þekkja mæta vel til frá árunum 2010 og 2011.


KEFLAVÍK
Icelandair Hotels
Frumherji
GINGER
Stofnað 1968

## *Politi Forum nr. 02 2015*

Af þeim 85.298 útköllum lögreglu í Noregi, sem liggja til grundvallar rannsóknar ríkislögreglustjórans (Politidirektoratet) á viðbragðstíma lögreglu á fyrri helmingi ársins 2014, voru 2.155 útköll þar sem viðbragðstíminn var yfir fjórar klukkustundir. Meðalviðbragðstími hinna útkallanna var um 36 mínútur.

## *Politi Forum nr. 04 2015*

Skiptir meira máli að vera innan fjárheimilda en vinna gegn brotastarfsemi.

Norsk lögregla hefur orðið illa fyrir barðinu gagnvart fjárveitingavaldinu og margt bendir til þess að boðaðar skipulagsbreytingar í lögreglu þar í landi mun gera slæmt ástand enn verra. Hluti skýringarinnar er mikill vöxtur embættis ríkislögreglustjóra (Politidirektoratet) þar í landi.

Lögreglan í Noregi stendur enn eina ferðina frammi fyrir skipulagsbreytingum. Breytingarnar fela það í sér að fækka skuli embættum úr 27 í 12 og um leið stækka embættin og útkallslögreglu á að sameina í stærri einingum.

Breytingarnar eiga m.a. að draga úr stjórnunarkostnaði og fela í sér ýmis önnur samlegðaráhrif. Þegar er búið að reikna það út að sparnaðurinn, vegna þessara breytinga, verði í kringum 400 milljónir norskra króna (u.þ.b. 6,7 milljarðar IKR) sem reiknaðar hafa verið inn í framtíðarfjárframlög til löggæslu. Þá er ekki gert ráð fyrir einni einustu krónu í breytingakostnað. Við framlagningu fjárlaga í Noregi lýtur út fyrir að hér sé um að ræða aukið framlag til löggæslu en staðreyndin er þveröfug.

„Við erum nú í þeirri stöðu að ég tel að lögreglan sé ekki í stakk búin til að standa vörð um öryggi landsmanna“, segir fjölmiðlafræðingurinn, rithöfundurinn og fyrrverandi blaðamaðurinn Steinar Larssen.

Eftir að Politi Forum birti tölurnar yfir þann niðurskurð sem lögregluembættin standa frammi fyrir hafa viðbrögðin ekki látið á sér standa. Þeir stjórnmálamenn sem hafa látið sig málefni lögreglu varða og stöðu í þeirri meiningu að fjárlögin 2015 væru til að styrkja lögregluna vítt og breitt um landið hafa nú séð að styrkingin fór að mestu í stækkun embættis ríkislögreglustjóra (Politidirektoratet) en ekki til almennrar löggæslu.



„Teknókratar, bírókratar og pólitíkusar tala fallega um stærri og öflugri einingar í blindri trú á að töflureiknar geti sagt lögreglunni til um það hvað það er sem þarf til starfans. Þeir gleyma á sama tíma mikilvægi nálægðar embættanna við samfélagið. Og þeir gleyma mikilvægi þess að lögregla sinni göngueftirliti og um leið daglegum samskiptum við borgarana“ segir Steinar Larssen.

**Hægt er að lesa alla greinina hér:**
http://www.politiforum.no/no/nyheter/2015/mai/%E2%80%93+Politiet+kan+ikke+ivareta+sikkerheten.d25-T2tDQY8.ips

## *Politi Forum nr. 04 2015*

82% lögreglumanna í Noregi sem tóku þátt í starfsumhverfiskönnun gátu hugsað sér að eftirláta starf sitt öðrum til að finna sér aðra vinnu. Svarhlutfallið í könnuninni var rúmlega 80%.

## *Politi Forum nr. 05 2015*

53% af vinnutíma lögreglumanna, sem sjá um fangaflutninga, í Noregi hefur farið í biðtíma þar sem þeir sitja aðgerðarlausir að bíða eftir föngum ýmist til flutninga í og úr dómsölum sem og meðan fangarnir eru í dómsal.

ICELANDAIR CARGO
interMedica.
isavia
ÍAV 1954 2014 60



*Eftirlitsbátur lögreglunnar.*

Hótel Hallormsstaður
hagar
HB GRANDI
Hópferðamiðstöðin Vesttravel TREX Travel Experiences
HP GÁMAR HÓPSNES
HOTEL SELFOSS
Hvalur hf.
K.C.-MÁLUN
Kristmundur Carter
MÁLNING·SPARTSL·VEGGFÓÐUR·FLÍSALÖGN
Kaffitár
keldan.is
KFC




**Lóritín®**

*– Kröftugt ofnæmislyf án lyfseðils*

**Þekkir þú helstu einkenni ofnæmiskvefs?**

- Kláði í augum og nefi
- Síendurteknir hnerrar
- Nefrennsli/stíflað nef
- Rauð, fljótandi augu

Einkennin geta líkst venjulegu kvefi og margir þjást af „kvefi" á hverju sumri áður en þeir átta sig á að um ofnæmiskvef er að ræða. **Lóritín** er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmiskvefs og langvarandi ofsakláða af óþekktum toga.

**Notkun:** Lóritín inniheldur virka efnið lóratadín 10 mg og er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmiskvefs og langvarandi ofsakláða af óþekktum toga. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn eldri en 12 ára: 1 tafla á dag. Börn 2-12 ára: Með líkamsþyngd meiri en 30 kg: 1 tafla (10 mg) á dag. Börn með líkamsþyngd undir 30 kg: 1/2 tafla (5 mg) á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Töfluna má taka hvenær sem er, án tillits til matmálstíma. Hefja ætti meðferð hjá sjúklingum með verulega skerta lifrarstarfsemi með minni skammti. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virka efninu eða hjálparefnum. **Varúðarreglur:** Gæta skal varúðar ef Lóritín er gefið sjúklingum með mikið skerta lifrarstarfsemi. Lyfið inniheldur mjólkursykur (laktósa). Sjúklingar með galaktósaóþol, laktasaskort eða vanfrásog glúkósa-galaktósa, sem eru mjög sjaldgæfir arfgengir kvillar, skulu ekki nota lyfið. Hjá sumum sjúklingum getur komið fram munnþurrkur. Við langtímameðferð er því góð tannhirða nauðsynleg þar sem munnþurrkur getur aukið líkur á tannskemmdum. Hætta á gjöf á Lóritín a.m.k. 48 klst. fyrir framkvæmd húðprófa þar sem andhistamín geta komið í veg fyrir eða dregið úr annars jákvæðri svörun við prófinu. Notkun Lóritíns á meðgöngu og við brjóstagjöf er ekki ráðlögð. Í einstaka tilfellum finnur fólk fyrir syfju sem getur haft áhrif á hæfni þeirra til aksturs eða notkunar véla. **Aukaverkanir:** Lóritín þolist almennt vel en algengustu aukaverkanirnar hjá börnum á aldrinum 2-12 ára eru höfuðverkur, taugaveiklun og þreyta. Algengustu aukaverkanirnar hjá 12 ára og eldri eru svefnhöfgi, höfuðverkur, aukin matarlyst og svefnleysi. **Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.** Markaðsleyfishafi: Actavis hf. Texti síðast endurskoðaður í apríl 2015.

Actavis



# Breytingar *í orlofsmálum LL*

**Orlofsnefnd LL hefur unnið að því, frá síðasta þingi, að skoða og endurmeta þá orlofskosti sem í boði hafa verið fyrir félagsmenn. Niðurstaða þeirrar vinnu var sú að ákveðið var að fjárfesta í nýrri og stærri íbúð á Akureyri í stað þeirrar sem LL hefur átt undanfarin ár að Helgamagrastræti. Fyrir valinu varð íbúð í nýlegu húsi að Hamratúni sem, eftir smávægilegar breytingar, t.d. nýtt gólfefni á hluta íbúðarinnar, ný tæki í eldhús o.fl.**

Nýja íbúðin, sem er umtalsvert stærri og þ.a.l. rúmbetri en íbúðin við Helgamagrastræti fór svo formlega í útleigu þann 1. júní s.l.

Ástæðu þessara breytinga má að hluta til rekja til óska sem fram hafa komið hjá félagsmönnum um stærra húsnæði (fleiri svefnpláss) á Akureyri og að hluta til þeirrar staðreyndar að ef ekki hefði verið farið út í þessa fjárfestingu hefði orðið að leggja í umtalsverðan kostnað við endurnýjun og viðhald á orlofsíbúðinni við Helgamagrastræti þ.m.t. nýja eldhúsinnréttingu.

Þá hefur jafnframt orðið sú breyting á, með tilkomu nýju íbúðarinnar, að í stað þess að sækja lykla að henni á lögreglustöðina þá er lyklabox við útihurð hennar líkt og við önnur orlofshús LL.



Á sama tíma og þessar breytingar gengu í gegn tók orlofsnefndin einnig ákvörðun um að hætta að leigja húsið að Felli í Biskupstungum þ.a. nú er einum orlofskosti færra um að velja á Suðurlandi. Leigutíma að Felli lauk þann 1. maí s.l. og var húsið afhent eigendum þess í lok apríl s.l. eftir að búið var að fjarlægja eigur LL úr því og gera nauðsynleg þrif á húsinu.

Orlofsnefndin er með til skoðunar hvort farið verði í það að kaupa eða leigja annað orlofshús í stað hússins að Felli og verða niðurstöður þeirrar skoðunar kynntar félagsmönnum með frétt á heimasíðu LL þegar þær liggja fyrir.

Það er von orlofsnefndar LL að félagsmenn njóti vel dvalarinnar í nýju orlofsíbúðinni við Hamratún.

*Hér má sjá myndir úr nýju orlofsíbúðinni að Hamratúni á Akureyri.*







# Kynjahlutfall *lögreglumanna*

**Á myndunum sem hér fylgja má sjá upplýsingar um fjölda lögreglukvenna ásamt yfirliti yfir fjölda þeirra lögreglumanna, kyngreint, sem útskrifast hafa frá Lögregluskóla ríkisins (LSR) á árunum 1975 – 2014. Við samanburð á þessum tölum sést að hlutfall kvenna sem er starfandi í lögreglu er nálægt því meðaltali sem útskrifast hefur frá LSR á fyrrgreindum árum. Hæst hefur hlutfall útskrifaðra kvenna frá LSR farið í 68,75% árið 2014 en næst hæst var hlutfallið 33,33% árið 2009.**

Nokkur vinna hefur verið lögð í það að auka hlutfall kvenna í lögreglu en af tölunum að dæma er ljóst að enn á eftir að lyfta Grettistaki í þessum efnum. Það sést einnig berlega þegar hlutfall kvenna af starfandi yfirmönnum í lögreglu er skoðað, en þær upplýsingar er að finna í ársskýrslum Ríkislögreglustjórans. Talsverðar breytingar voru gerðar á ráðningarmálum er kemur að setningum og skipunum í stöður í lögreglu við breytingar á lögreglulögum sem gerðar voru á s.l. ári en nú er skipunarvaldið farið úr höndum Ríkislögreglustjórans til lögreglustjóranna sjálfra en ráðherra skipar áfram lögreglustjórana sem og aðstoðarlögreglustjóra.

Brottfall kvenna úr lögreglu hefur alla tíð verið þó nokkuð og hefur yfirstjórn lögreglunnar lagt í vinnu við að reyna að draga fram skýringar á orsökum þess. Liður í þeirri vinnu var m.a. gerð og útgáfa skýrslunnar „Vinnumenning og kynjatengsl – Af hverju eru konur svo fámennar meðal lögreglumanna" sem kom út árið 2013. Skýrsluna er hægt að nálgast á vef lögreglunnar: www.logreglan.is

Landssamband lögreglumanna hefur einnig lagt sitt af mörkum í þessum efnum og hefur t.d. um nokkurra ára skeið staðið fyrir árlegum fundi lögreglukvenna á Íslandi þanagð sem jafnan er fenginn einhver utanaðkomandi fyrirlesari til að vinna að hópefli meðal starfandi lögreglukvenna. Þá var á síðasta þingi LL, sem haldið var að Hótel Geysi í Haukadal árið 2014, sett á laggirnar sérstök jafnréttisnefnd LL, sem starfar náið með bæði jafnréttisnefnd BSRB og jafnréttisnefnd lögreglunnar. Þá samþykkti þingið einnig sérstaka jafnréttisstefnu fyrir LL.




*Hlutfall lögreglumanna, kyngreint, árin 2011-2015. Lítil breyting er á hlutfalli kvenna milli ára og hlutur kvenna nánast staðið í stað og er nú 14%, 1. febrúar 2015. Héraðs- og afleysingamenn ekki taldir með.*



| Útskrifaðir úr Lögregluskóla ríkisins 1975 - 2014 | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Ár** | **Alls** | **Konur** | **Karlar** | **Konur %** |
| 1975 | 33 | 1 | 32 | 3,03% |
| 1976 | 35 | 4 | 31 | 11,43% |
| 1977 | 34 | 2 | 32 | 5,88% |
| 1978 | 26 | 2 | 24 | 7,69% |
| 1979 | 32 | 1 | 31 | 3,13% |
| 1980 | 31 | 2 | 29 | 6,45% |
| 1981 | 19 | 1 | 18 | 5,26% |
| 1982 | 21 | 0 | 21 | 0,00% |
| 1983 | 25 | 2 | 23 | 8,00% |
| 1984 | 31 | 0 | 31 | 0,00% |
| 1985 | 29 | 1 | 28 | 3,45% |
| 1986 | 18 | 0 | 18 | 0,00% |
| 1987 | 30 | 3 | 27 | 10,00% |
| 1988 | 43 | 3 | 40 | 6,98% |
| 1989 | 40 | 3 | 37 | 7,50% |
| 1990 | 34 | 3 | 31 | 8,82% |
| 1991 | 23 | 1 | 22 | 4,35% |
| 1992 | 37 | 2 | 35 | 5,41% |
| 1993 | 28 | 5 | 23 | 17,86% |
| 1994 | 20 | 3 | 17 | 15,00% |
| 1995 | 0 | 0 | 0 | - |
| 1996 | 9 | 0 | 9 | - |
| 1997 | 14 | 1 | 13 | 7,14% |
| 1998 | 16 | 3 | 13 | 18,75% |
| 1999 | 30 | 8 | 22 | 26,67% |
| 2000 | 62 | 10 | 52 | 16,13% |
| 2001 | 39 | 6 | 33 | 15,38% |
| 2002 | 46 | 12 | 34 | 26,09% |
| 2003 | 37 | 10 | 27 | 27,03% |
| 2004 | 35 | 7 | 28 | 20,00% |
| 2005 | 31 | 6 | 25 | 19,35% |
| 2006 | 35 | 7 | 28 | 20,00% |
| 2007 | 0 | 0 | 0 | 0,00% |
| 2008 | 78 | 18 | 60 | 23,08% |
| 2009 | 15 | 5 | 10 | 33,33% |
| 2010 | 21 | 4 | 17 | 19,05% |
| 2011 | 0 | 0 | 0 | - |
| 2012 | 38 | 12 | 26 | 31,58% |
| 2013 | 19 | 5 | 14 | 26,32% |
| 2014 | 16 | 11 | 5 | 68,75% |
| **Samtals** | 1130 | 164 | 966 | |
| **Meðaltal pr. ár** | 28 | 4 | 24 | 14,29% |
| **Hlutfall kynja** | | 14,51% | 85,49% | |

*Taflan hér til hliðar sýnir fjölda útskrifaðra nema frá Lögregluskóla ríkisins og hlutfall kvenna í hverjum árgangi frá árinu 1975 til og með árinu 2014.*

# *Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi*

rettarholl.is - gróðrarstöð
Sjómannablaðið Víkingur
Stefna ehf
Veislubakstur-Betra brauð
www.urtasmidjan.is, s: 462 4769

***Dalvík***

Híbýlamálun, málningarþjónusta ehf
Klaufi ehf
Promens Dalvík ehf
Steypustöðin Dalvík ehf

***Ólafsfjörður***

Brimnes hótel og bústaðir
Norlandia ehf
Skiltagerð Norðurlands ehf

***Húsavík***

Bílaþjónustan ehf
Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf
-www.fjallasyn.is
Gistiheimilið Kiðagil Bárðardal
Gistiheimilið Sigtún ehf
-www.gsigtun.is
Höfðavélar ehf
Norðursigling ehf
Steinsteypir ehf

***Mývatn***

Dimmuborgir guesthouse

***Þórshöfn***

B.J. vinnuvélar ehf
Geir ehf

***Vopnafjörður***

Vopnafjarðarhreppur

***Egilsstaðir***

Bílamálun Egilsstöðum ehf
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf
Bólholt ehf
Gistihúsið Egilsstöðum
Héraðsprent ehf
Rafey ehf
Vaðall ehf
Ökuskóli Austurlands sf

***Seyðisfjörður***

Austfar ehf
Seyðisfjarðarkaupstaður
Stjörnublástur ehf

***Reyðarfjörður***

AFL - Starfsgreinafélag
Félag opinberra starfsmanna
á Austurlandi
Stjórnendafélag Austurlands
Tærgesen, veitinga- og gistihús

***Eskifjörður***

Egersund Ísland ehf
Ferðaþjónustan Mjóeyri
Fjarðaþrif ehf
Rafmagnsverkstæði Andrésar ehf

***Neskaupstaður***

Haki ehf
Síldarvinnslan hf
Trölli ehf-Siggi Nobb, gisting

***Fáskrúðsfjörður***

Kaffi Sumarlína ehf

***Stöðvarfjörður***

Ástrós ehf

***Breiðdalsvík***

Dýralæknirinn á Breiðdalsvík

***Höfn í Hornafirði***

Bókhaldsstofan ehf
Gistiheimilið Hafnarnesi
-www.hafnarnes.is,
s: 844 6175
Jökulsárlón ferðaþjónusta ehf
Skinney-Þinganes hf
Vélsmiðjan Foss ehf
Þingvað ehf
Þrastarhóll ehf

***Selfoss***

Árvirkinn ehf
Baldvin og Þorvaldur ehf
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf
Bílaþjónusta Péturs ehf
Bjarnabúð
Bókaútgáfan Björk
Brandugla slf, þýðingar
Búhnykkur sf
Fasteignasalan Árborgir ehf
Formax-Paralamp ehf
Fossvélar ehf
Hótel Geysir
Hótel Gullfoss
Hvíta Húsið
Jeppasmiðjan ehf
Karl R. Guðmundsson ehf
Máttur sjúkraþjálfun ehf
Nesey ehf
P Kúld ehf
Pálmar K Sigurjónsson ehf
Pylsuvagninn Selfossi
við brúarendann
Reykhóll ehf
Súperbygg ehf
Sveitarfélagið Árborg
Vélaverkstæði Þóris ehf
Vélsmiðja Suðurlands ehf
X5 ehf
Þ.H.blikk ehf

***Hveragerði***

Bílaverkstæði Jóhanns ehf
Heilsustofnun NLFÍ
-heilsustofnun.is
Hótel Örk
Jón Þórisson ehf
kiano.is
Kjörís ehf

***Þorlákshöfn***

Fiskmark ehf
Frostfiskur ehf
Sveitarfélagið Ölfus

***Ölfus***

Dýralæknaþjónusta Suðurlands
Eldhestar ehf
Garpar ehf
Gljúfurbústaðir ehf

***Stokkseyri***

Fjöruborðið

***Flúðir***

Flúðafiskur
Flúðasveppir ehf
Kaffi-Sel ehf

***Hella***

Bílaverkstæðið Rauðalæk ehf
Freyðing ehf
Hestheimar, ferðaþjónustubýli
-www.hestheimar.is
Hestvit ehf
Kanslarinn veitingahús
Verkalýðsfélag Suðurlands

***Hvolsvöllur***

Byggðasafnið í Skógum
Ferðaþjónustan Hellishólum ehf
Gestastofan Þorvaldseyri
Sögusetrið Hvolsvelli-www.njala.is
Torf túnþökuvinnsla ehf

***Vík***

Mýrdælingur ehf
RafSuð ehf

***Kirkjubæjarklaustur***

Hótel Laki
Icelandair Hótel Klaustur

***Vestmannaeyjar***

Bylgja VE 75 ehf
Fiskmarkaður Vestmannaeyja hf
Hótel Vestmannaeyjar
Ísfélag Vestmannaeyja hf
Karl Kristmanns, umboðs-
og heildverslun
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
Narfi ehf
Ós ehf

KÖKUGERÐ HP SELFOSSI
LANDSSAMBAND SLÖKKVILIÐS- OG SJÚKRAFLUTNINGAMANNA
Landsvirkjun



# Tæknineftndarfundur NPIF

**Fundur tækninefndar Norræna lögregluíþróttasambandsins var haldinn í október á síðasta ári í Kaupmannahöfn. Guðmundur St. Sigmundsson sótti fundinn en einnig mættu formenn sambandanna á fundinn og Óskar Bjartmarz var því með í för. Á fundinum var mikið rætt um nýjar íþróttagreinar s.s. lyftingar, hjólreiðar, crossfit, innibandy, sund og víðavangshlaup. Lyftingar, sund og víðavangshlaup eru svo sem ekki nýjar greinar innan sambandsins þar sem áður var keppt í lyftingum og víðavangshlaupi. Rætt var um að taka þessar greinar upp aftur.**

Eistlendingar hafa sýnt áhuga á að koma inn í NPIF. Ákveðið að ræða betur við Eistana á þingi USPE sem átti að vera í Budapest nokkrum dögum síðar. Þar skyldi ákveðið með framhaldið á Eistamálinu. Í dag er staðan sú að Eistum var boðið að senda fulltrúa á þing NPIF í Finnlandi í maí.

Rætt var um fjármál í sambandi við mótshald og farið yfir reglurnar þar um.

Rætt var um málefni innan Evrópusambandsins. Ljóst að þing NPIF í Finnlandi í maí getur orðið tímamótaþing.



*Óskar Bjartmarz og Guðmundur St. Sigmundsson á þingi USPE.*




*Lögregluhundur tekur við nýjum bíl.*

# Landsmót ÍSL *í innanhússknattspyrnu 2015*

**Landsmót lögreglumanna í innanhússknattspyrnu var haldið á Sauðárkróki dagana 13 – 15. mars. Þetta árið skráðu átta lið sig til leiks en þau voru: LRH1, LRH2, Sérsveit, Suðurnes, LRH/ÁFD, Sérstakur, 1400 KVK og Vesturland. Leiknir voru 8 leikir fyrri mótsdaginn og 20 þann síðari. Nokkur ný andlit sáust á mótinu og er það gleðiefni að Lögregluskóli ríkisins sé ennþá að útskrifa ungt knattspyrnufólk. Þá er sérstakt gleðiefni að sjá lögreglukonur fjölmenna á mót sem þetta en það rennur styrkum stoðum undir það átak sem nú stendur yfir að rétta við stöðu lögreglukvenna í þessari starfsstétt. Mótið var prúðmannlega leikið og hafa menn haft á orði að drengilegra mót hafi jafnvel ekki verið leikið, það varla sást tækling og blótsyrði í algjöru lágmarki.**



Á mótinu voru mættir útsendarar ÍSL sem fylgdust með frammistöðu leikmanna en fyrirhugað er að senda landslið ÍSL á Norðurlandamót lögreglumanna í knattspyrnu sem haldið verður í Þrándheimi í júní. Gera má ráð fyrir því að landsliðsþjálfari vor, Þormóður Egilsson, standi frammi fyrir algjöru lúxusvandamáli er hann þarf að velja sextán bestu leikmennina úr þessum hæfileikaríka hóp.

Það má segja að mótið hafi verið í rólegra lagi, en þó bar nokkuð á gömlum venjum eins og föstum óhnitmiðuðum skotum frá Sleggju-Magnúsi, yfirmáta yfirvegun hjá Krissa Geirs og algjöru reyðileysi Daða Gunnars.

Lið Suðurnesjamanna bar sigur úr bítum þetta árið og má segja að sigurinn hafi verið nokkuð öruggur og verðskuldaður með þá Kristján Frey Geirsson og Óla Örvar Ólafsson í fararbroddi. Lið Suðurnesja, sem ég kýs nú að kalla Keflavík, var skipað fullkominni blöndu af reynslu og nýliðum með ferskar, óþreytandi fætur og greinilegt er að vel er haldið utan um líkamsþjálfun lögreglumanna þar á bæ.

Á lokahófi mótsins fengu voru eftirtalin verðlaun veitt:

- **Besti leikmaðurinn**
  Ólafur Örvar Ólafsson, Suðurnes
- **Markahæsti leikmaðurinn**
  Óttar Örn Jónsson, Sérsveit
- **Tilþrif mótsins**
  Sandra Pawlik, 1400 KVK
- **Óskarinn fyrir leikræna tilburði**
  Þórður Rafn Þórðarson, LRH1
- **Prúðasta liðið**
  Vesturland

Fyrir hönd íþróttafélags sérstaks saksóknara, sem nú verður lagt niður 1. júlí, vil ég þakka lögreglunni á Norðurlandi Vestra og ÍSL fyrir aðstoð við mótshald og skipulagningu.

***Stefán Örn Arnarson***



*Suðurnes*



*RLS*



*LRH/ÁFD*



*LRH2*



*Vesturland*



*Sérstakur*



*LRH1*



*1400 KVK*

| | Stig | Mörk | Mismunur |
|---|---|---|---|
| Suðurnes | 11 | 34 - 12 | 22 |
| RLS | 9 | 30 - 12 | 18 |
| LRH/ÁFD | 8 | 23 - 14 | 11 |
| LRH2 | 5 | 27 - 25 | 2 |
| Vesturland | 5 | 18 - 22 | -4 |
| Sérstakur | 4 | 22 - 17 | 5 |
| LRH1 | 2 | 17 - 41 | -24 |
| 1400 KVK | 0 | 4 - 32 | -28 |

| | LRH1 | LRH2 | RLS | Suðurnes | LRH/ÁFD | Sérstakur | 1400 KVK | Vesturland |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| LRH1 | | 1 - 5 | 0 - 6 | 2 - 10 | 2 - 8 | 3 - 8 | 7 - 1 | 2 - 3 |
| LRH2 | 5 - 1 | | 5 - 5 | 2 - 5 | 3 - 6 | 3 - 4 | 4 - 1 | 5 - 3 |
| RLS | 6 - 0 | 5 - 5 | | 2 - 3 | 3 - 0 | 4 - 3 | 5 - 0 | 5 - 1 |
| Suðurnes | 10 - 2 | 5 - 2 | 3 - 2 | | 2 - 2 | 3 - 1 | 4 - 0 | 7 - 3 |
| LRH/ÁFD | 8 - 2 | 6 - 3 | 0 - 3 | 2 - 2 | | 2 - 1 | 3 - 1 | 2 - 2 |
| Sérstakur | 8 - 3 | 4 - 3 | 3 - 4 | 1 - 3 | 1 - 2 | | 5 - 0 | 0 - 2 |
| 1400 KVK | 1 - 7 | 1 - 4 | 0 - 5 | 0 - 4 | 1 - 3 | 0 - 5 | | 1 - 4 |
| Vesturland | 3 - 2 | 3 - 5 | 1 - 5 | 3 - 7 | 2 - 2 | 2 - 0 | 4 - 1 | |

Lýsing
FORTIS
Lögmannsstofa
112
EINN EINN TVEIR
olís
ÓK Lögmenn
Penninn Eymundsson
PIZZA ROYAL
Domino's

# Landsmót ÍSL *í skotfimi 2014*

**Landsmót lögreglumanna í skotfimi 2014 fór fram dagana 10. og 11. apríl í Borgarnesi. Mótið átti að fara fram s.l. haust en því var frestað.**

Keppt var í loftskammbyssu, Glockbyssu og opnum flokki. Í fyrsta skipti var keppt í einum flokki þ.e. karlar og konur saman. Jón Arnar Sigurþórsson LVL sigraði í Glockbyssu en keppendur voru 19. A sveit Vesturlands sigraði í sveitakeppni. Sveitina skipuðu þeir Ómar Jónsson, Kristján Ingi Hjörvarsson og Jón Arnar Sigurþórsson. Gísli Þorsteinsson LRH sigraði í loftskammbyssu, keppendur voru 13. Eiríkur Óskar Jónsson RLS sigraði í opnum flokki, keppendur voru 6.

Af þessum 19 keppendum sem tóku þátt í mótinu voru 5 konur. Það er ánægjulegt að sjá þetta margar konur taka þátt og gefa körlunum ekkert eftir.

Skotnefnd ÍSL sá um mótshaldið en Ómar Jónsson Vesturlandi var mótsstjóri og bar hitann og þungann af mótshaldinu.

Mótið fór fram í skotaðstöðu Skotfélags Vesturlands í Brákarey í Borgarnesi. Verðlaunaafhending fór fram í húsi LL í Munaðarnesi. Landsmót 2015 fer fram í október og gert ráð fyrir því að það fari einnig fram í Borgarnesi.

***Jón S. Ólason***




## Glockbyssa

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Jón Arnar Sigurþórsson | LVL | 45 | 39 | 42 | 50 | 45 | 221 | 14 |
| 2 | Ómar Jónsson | LVL | 30 | 49 | 48 | 48 | 45 | 220 | 10 |
| 3 | Eggert Magnússon | RLS | 39 | 43 | 48 | 50 | 40 | 220 | 12 |
| 4 | Kristján Ingi Hjörvarsson | LVL | 45 | 45 | 47 | 50 | 30 | 217 | 3 |
| 5 | Kolbrún Björg Jónsdóttir | LRH | 37 | 42 | 36 | 47 | 45 | 207 | 7 |
| 7 | Eirikur Óskar Jónsson | RLS | 43 | 37 | 46 | 46 | 30 | 202 | 17 |
| 8 | Ólafur Egilsson | LSR | 42 | 37 | 46 | 45 | 30 | 200 | 20 |
| 10 | Gísli Þorsteinsson | LRH | 44 | 36 | 32 | 50 | 30 | 192 | 8 |
| 11 | Arnar Geir Magnússon | LVL | 49 | 45 | 32 | 45 | 20 | 191 | 4 |
| 12 | Guðlaugur F. Jónsson | LRH | 47 | 31 | 43 | 50 | 15 | 186 | 4 |
| 13 | Jóhann Örn Jónbjörnsson | LVL | 21 | 21 | 26 | 45 | 50 | 163 | 6 |
| 14 | Guðbjörg Ester Einarsdóttir | LVL | 24 | 45 | 30 | 44 | 20 | 163 | 3 |
| 15 | Þórir Ingvarsson | LRH | 19 | 32 | 35 | 42 | 25 | 153 | 1 |
| 16 | Sunnefa Burgess | LVL | 14 | 19 | 43 | 47 | 25 | 148 | 5 |
| 17 | Sigurður Ingi Grétarsson | LVL | 32 | 46 | 21 | 21 | 20 | 140 | 10 |
| 18 | Sandra Pawlik | LVL | 19 | 32 | 21 | 43 | 10 | 125 | 13 |
| 19 | Eva Dröfn Ólafsdóttir | LVL | 22 | 13 | 27 | 24 | 0 | 86 | 11 |




## Opinn flokkur

| | | Precision | | | Duel | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Nr.** | **Keppandi** | **Embætti** | **1** | **2** | **3** | **4** | **5** | **6** | **Alls** | **Meðalt.** |
| 1 | Eiríkur Óskar Jónsson | RLS | 87 | 92 | 85 | 92 | 93 | 87 | 536 | 89,33 |
| 2 | Kristján Ingi Hjörvarsson | LVL | 83 | 79 | 91 | 82 | 89 | 80 | 504 | 84 |
| 3 | Ómar Jónsson | LVL | 76 | 81 | 85 | 93 | 73 | 89 | 497 | 82,83 |
| 4 | Ólafur Egilsson | LSR | 78 | 84 | 83 | 73 | 81 | 82 | 481 | 80,17 |
| 5 | Gísli Þorsteinsson | LRH | 81 | 80 | 87 | 75 | 78 | 75 | 476 | 79,33 |
| 6 | Þórir Ingvarsson | LRH | 74 | 83 | 77 | 72 | 66 | 73 | 445 | 74,17 |

nettó
Ódýrt fyrir heimilið!
SAMSKIP
SECURITAS
66° NORÐUR
SJÓVÁ
SJÚKRAÞJÁLFUN ÍSLANDS
Staki
stapaprent
Prentþjónusta
Sími 421 4388
Netfang stapaprent@simnet.is

# Stuttfréttir




***Evrópumeistaramót í skotfimi***

Nú er það orðið ljóst að ekkert verður af EPM í skotfimi 2015 þar sem engin aðildarþjóð treysti sér til að halda mótið. Nú er kannað með að halda mótið 2017.

***Holukeppni ÍSL 2015***

Fyrirhugað er að keppnin hefjist í júní. Hér er um að ræða forgjafarkeppni þannig að allir eiga möguleika á að ná árangri og komast langt. Allir golfáhugamenn innan lögreglunnar eru hvattir til að taka þátt í keppninni.

## Mótalisti: 2015

| | Umsjón/mótsstaður | Dags. |
|---|---|---|
| ***Landsmót:*** | | |
| Golf | Vesturland | Júlí/Ágúst |
| Skotfimi | Skotnefnd ÍSL/Borgarnes | Október |
| Öldungamót í innanhússknattspyrnu | Akureyri | Október |
| ***Norðurlandamót:*** | | |
| Knattspyrna | Noregur/Þrándheimur | 22. – 26. júní |
| Maraþon | Reykjavík | 22. ágúst |
| ***Evrópumót:*** | | |
| Körfuknattleikur/kvenna | Frakkland | 09. – 15. júní |
| Tennis | Ítalía | 12. – 19. september |
| Blak/kvenna | Rússland/S. Pétursborg | 05. – 11. október |










# Loftskammbyssa

| Nr. | Keppandi | Embætti | 1 | 2 | 3 | 4 | Alls | Meðalt. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Gísli Þorsteinsson | LRH | 87 | 79 | 86 | 92 | 344 | 57,33 |
| 2 | Þórir Ingvarsson | LRH | 83 | 84 | 84 | 88 | 339 | 56,50 |
| 3 | Ólafur Egilsson | LSR | 89 | 81 | 88 | 84 | 342 | 57,00 |
| 4 | Ómar Jónsson | LVL | 78 | 85 | 84 | 85 | 332 | 55,33 |
| 5 | Kristján Ingi Hjörvarsson | LVL | 84 | 85 | 81 | 86 | 336 | 56,00 |
| 6 | Sandra Pawlik | LVL | 65 | 71 | 62 | 84 | 282 | 47,00 |
| 7 | Jón Arnar Sigurþórsson | LVL | 83 | 83 | 85 | 87 | 338 | 56,33 |
| 8 | Jóhann Örn Jónbjörnsson | LVL | 73 | 73 | 57 | 65 | 268 | 44,67 |
| 9 | Sunnefa Burgess | LVL | 76 | 64 | 64 | 57 | 261 | 43,50 |
| 10 | Eva Dröfn Ólafsdóttir | LVL | 67 | 51 | 50 | 36 | 204 | 34,00 |
| 11 | Guðbjörg Ester Einarsdíttir | LVL | 62 | 51 | 69 | 82 | 264 | 44,00 |
| 13 | Eirikur Óskar Jónsson | RLS | 88 | 92 | 82 | 87 | 349 | 58,17 |


Tapas barinn
TOYOTA
ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN



# YFIRLIT UM **RÉTTINDI ÞÍN** Á EINUM STAÐ

Á sjóðfélagavef LSR færð þú m.a. upplýsingar um réttindi þín, greidd iðgjöld og séreignarsparnað ásamt því að hafa aðgang að Lífeyrisgáttinni.

Lífeyrisgáttin er ný leið fyrir sjóðfélaga til að fá á einum stað upplýsingar um áunnin lífeyrisréttindi sín í samtryggingarsjóðum. Með Lífeyrisgáttinni opnast greið leið að þessum upplýsingum.

Lífeyrisgáttin

**Upplýsingar um lífeyrisréttindi á einum stað.**

LSR

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
Fax: 510 6150
lsr@lsr.is

www.lsr.is